

Borgarstjórn Reykjavíkur 3. nóvember 2015

Forseti: Fundur er settur í Borgarstjórn Reykjavíkur þriðjudaginn 3. nóvember 2015 og við göngum til útsendrar dagskrár og tökum fyrsta og annan lið fyrir í einni umræðu sem er fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 og fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020. Þetta er fyrri umræða sem fyrr segir og ræðutími er ótakmarkaður. Fyrstur tekur til máls háttvirtur borgarstjóri.

1. mál **Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál **Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020**

Borgarstjóri Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 er halla snúið í afgang, bæði í a-hluta og a- og b-hluta borgarsjóðs. Sama gildir um fimm ára áætlun um fjárfestingu og rekstur. Reksturinn og helstu lykiltölur styrkjast og batna á næstu árum samkvæmt áætluninni. Þetta gerist ekki af sjálfu sér heldur vegna aðgerða sem gripið verður til og ég vonast til að breið samstaða náist um í borgarstjórn.

Helstu niðurstöðutölur eru þessar fyrir árið 2016:

Afgangur a-hluta verður 567 m.kr. Afgangur a- og b-hluta verður 8.093 m.kr. Veltufé frá rekstri í a-hluta verður 7.439 m.kr. árið 2016. Veltufé frá rekstri í a- og b-hluta verður 31.230 m.kr. og 41.800 m.kr. þegar líður á tímabilið. Heildarskuldir og skuldbindingar samstæðunnar lækka á næstu fimm árum. Skatthlutfall helst óbreytt. Áfram verður hagstæðast fyrir fjölskyldur að búa og nýta þjónustu í Reykjavík þegar allt er talið. Skuldaviðmið Reykjavíkurborgar skv. sveitarstjórnarlögum er vel undir viðmiðunum laganna. Niðurstaða reksturs a-hluta og samstæðunnar er jafnframt innan markmiða laganna á hverjum þremur árum.

Áður en ég byrja umræðu um frumvarpið sjálft langar mig þó til að líta aðeins um öxl. Horfa nokkur ár afturábak og spegla það við tímann sem framundan er. Hrunið var Reykjavík og Reykvíkingum erfitt, það þarf ekki að minna á það. Hér misstu margir vinnuna og samanlagt tekjutap í Reykjavík ef við berum saman sveitarfélög var lang mest. Ég held að það hafi verið áætlað um 9 milljarðar á ársgrundvelli en rekstrartap ársins 2008 svo dæmi sé tekið var um áttatíu milljarðar. Tekjurnar hafa smám saman verið að hækka aftur en þó er það þannig að árið 2014 voru tekjur borgarinnar enn undir tekjum ársins 2008 á föstu verðlagi, ef ekki eru meðtaldar tekjur vegna yfirfærslu málaflokks fatlaðs fólks sem komu yfir til sveitarfélaganna árið 2011.

Það vegur þungt í þessu öllu, sérstaklega þegar horft er á útgjöld borgarinnar, að atvinnuleysi fór yfir 10% og það hafði sín áhrif, ekki bara á þá sem urðu atvinnulausir og lækkuðu heimilistekjur vegna þess heldur vegna hækkunar á fjölda þeirra sem þurftu að treysta á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja að með markvissum, samstilltum aðgerðum í atvinnumálum lækkaði atvinnuleysi úr tveggja stafa tölum hér í Reykjavík og á

höfuðborgarsvæðinu og hagur borgarinnar batnaði. Við settum fram atvinnustefnu sem við innleiddum og fylgdum eftir af krafti. Það var hluti af þessu, þó atvinnulífið sjálft hafi auðvitað átt stærstan hlut. Við settum fjármagn í markaðsetningu á borginni til ferðamanna og fórum í stórt atvinnuátaksverkefni og virkniúrræði sem skiluðu sér með mikilli fækkun á atvinnuleysissskrá og og raunar fækkun á fjárhagsaðstoð einnig.

Atvinnuleysi er í nú í lágmarki í borginni og því eiga atvinnuátakslíðirnir, sem eitt sinn voru stórir, væntanlega að nýtast til annarra hluta. En við eigum ekki að draga fjöður yfir það að sparnaðurinn sem Reykjavíkurborg þurfti að fara í eftir hrun bitnaði bæði á starfseminni, mörgum þáttum í rekstrinum, og starfsfólkinu okkar. Borgin lækkaði yfirvinnu og lækkaði laun. Prinsippið var að standa eins og kostur væri vörð um störf. Það var sannarlega eðlilegt og gæfuríkt skref eins og ástandið var þá. Nú þarf að spara, ekki síst vegna þess að laun hafa hækkað og við sjáum einnig að stöðugildum hefur aftur tekið að fjölga. Þegar við drögum saman seglin á næsta ári finnst mér því eðlilegt að gera það síður á kostnað kjara einstakra starfsmanna en reyna heldur að draga úr launakostnaði með því að draga úr í fjölda stöðugilda, alls staðar þar sem það er hægt, fækka fermetrum sem starfsemi okkar fer fram á, alls staðar þar sem það er hægt og reyna að ná betri árangri í útboðum og innkaupum alls staðar þar sem það er hægt.

Þegar við horfum á útkomu þessa árs eru laun ekki eini skýringarþátturinn í krappri stöðu heldur hefur undanfarin ár hallað verulega á sveitarfélögin í fjárhagslegum samskiptum við ríkið. Eftir yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks hefur vantað verulega upp á fjárhæðir sem þarf til að tryggja þá þjónustu sem þessi mikilvægi málaflokkur krefst. Fjármagn til reksturs hjúkrunarheimila hefur einnig hrokkið skammt og loks rukkar ríkið sveitarfélög um tryggingagjald sem er langt umfram það sem atvinnustig og staða atvinnuleysistryggingasjóðs kallar á.

Hallinn á málaflokki fatlaðs fólks nemur um 1100 milljónum samkvæmt útkomuspá þessa árs, hallinn á hjúkrunarheimilunum nemur 288 milljónum og tryggingagjaldið umfram það sem eðlilegt getur talist tæpum 800 milljónum, eða alls um 2,1 milljarður. Við þurfum að leiðrétta þetta og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru raunar einhuga um að leiðrétta þetta. Hér er þetta samantekið fyrir Reykjavík en ef við tökum þetta saman fyrir höfuðborgarsvæðið í heild eins og fjármálastjórar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa verið að gera, þá vantar frá árinu 2011 um 7,7 milljarða upp á í samskiptum þeirra við ríkið.

En í okkar samhengi er rétt að staldra aðeins við útkomuspána 2015 því það lítur allt út fyrir að það verði mjög vont ár í rekstri sveitarfélaga og Reykjavík er sannarlega þar á meðal. Ég hef nefnd kjarasamningana og hækkandi launakostnað og í öðru lagi fjárhagsleg samskipti við ríkið en þriðji og langstærsti þátturinn, að minnsta kosti í krónum talið, er þó óreglulegar gjaldfærslur lífeyrisskuldbindinga. Útkomuspá fyrir rekstur a-hluta árið 2015 gerir ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu sem nemur rúmum 13 milljörðum en þar vegur langþvingst áætluð gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga sem nemur alls 14 ma.kr. og er eins og þarna sést reyndar skýrlega langt umfram gjaldfærslu undanfarinna ára og áætlaða gjaldfærslu næstu fimm ára. Hvers vegna er þetta? Jú, há gjaldfærsla skýrist einkum af miklum launahækkunum á árinu, áhrifum lágrar verðbólgu á ávöxtun eigna lífeyrissjóðsins, svokallað Landsvirkjunarbréf, óhagstæð vaxtaþróun og síðast en ekki síst einskiptisáhrifum af breyttum tryggingafræðilegum forsendum um lífslíkur.

Þannig að það má segja að þarna fari þrjár mikilvægar stærðir saman, í fyrsta lagi lág verðbólga sem tryggir lélega ávöxtun af greiðslunni sem við fengum fyrir bréfið í Landsvirkjun. Í öðru lagi stórir kjarasamningar sem leiða til einsskiptis gjaldfærslu í lífeyrissjóðnum og í þriðja lagi það að við reiknum á fimm ára fresti út breyttar lífslíkur og það eru ekki síst karlarnir sem eru að eldast. Það er út af fyrir sig jákvætt, sérstaklega fyrir þá sem hafa gaman af gömlum körlum. Það höfum við auðvitað öll, og Elsa alveg sérstaklega. En það þýðir að það þarf að gjaldfæra vegna þeirra verulega í lífeyrissjóðinn og það skýrir um sex milljarða ef ég man rétt, ekki það er að segja karlarnir heldur auknar lífslíkur á þessu ári, 2015. Ef frávik vegna lífeyrisskuldbindingar eru talin frá nemur halli af rekstri a-hluta þó engu að síður um 1,7 ma.kr. skv. útkomuspá. Veltufé frá rekstri er alls ekki nógu sterkt, aðeins um 5% sem hlutfall af tekjum árið 2015. Við viljum ná því í allavega 7, helst 9% af tekjum til að stuðla að sjálfbærni í grunnrekstri og fjármögnun fjárfestinga.

Þessi þróun kallar á aðgerðir í rekstri a-hluta sem ég kem til með að fjalla um hér á eftir en vil þó minna á aðgerðaáætlun borgarráðs til þess að vinna gegn hallarekstri á þessu ári, sem fólst í fyrsta lagi í sérstakri eftirfylgni með sex mánaða uppgjörinu, í öðru lagi rýningu á svartri atvinnustarfsemi og fasteignagjaldaskilum, í þriðja lagi rýningu á útsvari, í fjórða lagi ferðamannagjöldum og hvernig væri hægt að skapa auknar tekjur af ferðamönnum, í fimmta lagi leiðréttingar sem sóttar verða í ríkissjóð vegna

fjárhagslegra samskipta við ríkið, í sjötta lagi rýningu á lífeyrisskuldbindingum og hvað er framundan í því. Í sjöunda lagi flutning halla afgangss milli ára sem samþykkt hefur verið í borgarráði og í áttunda lagi miðlæga ráðningarrýni sem líka hefur verið sett í gang. Þetta er grunnurinn sem við stöndum á akkúrat núna og ég vil sérstaklega þakka fyrir það að sátt var um þess aðgerðaáætlun og allir flokkar stóðu að henni og ég vonast til að ná viðlíka sátt um þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að fara í í fjármálum borgarinnar fyrir næsta ár.

En forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég mun nú nú mæla fyrir frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 og frumvarpi að fimm ára áætlun til ársins 2020.

Ef við horfum fyrst aðeins á forsendur frumvarpsins, þá má í stuttu máli segja að skatthlutföll hjá Reykjavíkurborg eru óbreytt frá yfirstandandi ári, skatttekjur aukast með hækkandi launum og fasteignamati og við leggjum forsendur um efnahagsþróun í fjárhagsáætlun 2016 og fimm ára áætlun niður með hliðsjón af þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 29. apríl sl. Þegar forsendur voru unnar höfðu horfur um þróun verðbólgu og launa breyst töluvert frá því aprílspá og því var stuðst við nýtt mat á launa-, gengis- og verðlagsforsendum. Það er rétt að geta þess að ný þjóðhagsspa Hagstofu verður birt 13. nóvember nk. og þá er gert ráð fyrir að forsendur verði teknar til endurskoðunar ef og eftir því sem tilefni er til. Þetta hefur gjarnan verið gert hér á hverju hausti. Í fyrra breyttum við forsendum ekki neitt vegna nýrrar þjóðhagsspar en við útilokum ekki að það þurfi að gera það núna.

En þessar meginstærðir ásamt gjaldskrá sem við þó áskildum okkur rétt til þess að fara yfir milli umræðna og afgreiða með síðari umræðu, þýða það að það verður áfram ódýrast fyrir fjölskyldur að búa í Reykjavík þegar allt er tekið saman. Ég minni á að við höfum reglulega reiknað út fjölskyldudæmi þar sem borin eru saman lykilsveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og landinu þar sem við tökum saman samanlagða skatta og gjöld; útsvar, fasteignagjöld, sorphirðu, fráveitu, leikskólagjöld, skólamat og frístund, einhverskonar meðalútgjöld meðalheimilis til mismunandi stofnana sveitarfélagsins, og í öllum tilvikum var Reykjavík lægst og sérstaklega þegar börnum fjölga innan fjölskyldna, þá tekur ríflegur systkinaafsláttur við sem segir okkur að í Reykjavík er forgangsraðað í þágu fjölskyldna.

En yfir til samstæðunnar. Samstæðuáætlun samanstendur af samantekinni

áætlun a-hluta og fyrirtækja sem Reykjavíkurborg á a.m.k. helming í. Gráu súlurnar sem þið sjáið á myndinni hér sýna rekstrarniðurstöðu samstæðu fyrir fjármagnsliði tímabilið 2011-2020 og bláu súlurnar sýna heildarrekstrarniðurstöðu. Þarna sjáum við til dæmis að árin 2011 og 2015 virðast ætla að skera sig nokkuð úr varðandi afkomu hjá samstæðunni en þarna ræður eins og fyrir segir lífeyrisskuldbindingin mestu. Á þessari mynd sést semsagt skýrt að hallarekstur í samstæðunni á árinu 2015, því ári sem við erum stödd á, nemur um 3,5 milljörðum miðað við útkomuspá en snýst í átta milljarða afgang á næsta ári. Munar þar mestu um að lífeyrisskuldbindingin sem fellur á þetta ár er mun mun lægri á næsta ári en líka hitt, að þvert á það sem er í ár þar sem laun hækka umfram skatttekjur er reiknað með því að við spörum í launakostnaði en skattar haldi áfram að aukast. Ekki vegna breyttra hlutfalla heldur vegna hækkandi launa í samfélaginu. Þannig að rekstrartekjur aukast umfram útgjöld um 6,2 milljarða ef frá eru talin áhrif af lífeyrisskuldbindingu. Á móti er gert ráð fyrir að fjármagnsliðir séu neikvæðari sem nemur 5,6 milljörðum, aðallega vegna forsendna um aukna verðbólgu og veikara gengi.

Ef við skoðum fjárfestingar samstæðunnar, þá er gert ráð fyrir því að þær aukist umtalsvert, umfram það sem verið hefur á síðustu árum. Ekki svo mjög vegna a-hlutans heldur vegna þess að Orkuveitan gerir ráð fyrir að fjárfestingar í veitukerfum og nýjum fráveitum á Vesturlandi verði samtals 37,7 ma.kr. á næstu fimm árum en fjárfestingar í virkjunum 16,3 ma.kr. á sama tímabili. Faxaflóahafnir áætla að framkvæmdarkostnaður vegna hafna verði 7,6 ma.kr. Sorpa ætlar í byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar en sú fjárfesting er tæpir þrjú milljarðar. Áætlun Strætó gerir ráð fyrir að haldið verði áfram að endurnýja vagnafloata með fjárfestingum í nýjum vögnum fyrir 320 m.kr. á næsta ári og eftir það komist endurnýjun í betra jafnvægi. Slökkviliðið ráðgerir að kaupa nýja slökkvibíla fyrir um hálfan milljarð en Félagsbústaðir áforma að fjölga félagslegum íbúðum í eigu eða forsjá félagsins á næstu fimm árum, alls sem nemur um 15,3 ma.kr. Í þessari töflu eru fjárfestingar sýndar á föstu verðlagi á áætlunartímabilinu til að sýna magnbreytingar fyrst og fremst en ef við skoðum áhrif þessara fjárfestinga á handbært fé og veltufjárhlutfall, við skoðum það reyndar á myndinni þar á eftir en þarna sjáum við semsagt grálituðu línuna sem er þróun handbærs fjár frá rekstri samstæðunnar sem er að styrkjast yfir tímabilið og er öll ár vel umfram afborganir langtímaskulda sem eru sýndar með bláum súlum á myndinni. Þarna er gert ráð fyrir ákveðinni sjóðssöfnun sem auðvitað mætti ráðstafa til lækunar skulda þegar við komum að þessum árum eða á annan hátt.

Nú, ef við skoðum þróun bæði rekstrarniðurstöðunnar, þá sjáum við að hún verður betri og betri. Skuldir samstæðunnar, þær lækka en hreinar skuldir lækka meira vegna þess að í fimm ára áætluninni, í raun safnast upp handbært fé. Og það sést ágætlega á mynd yfir þróun eiginfjárstöðu sem fer batnandi allan tímann.

Ég vil þá næst snúa mér að a-hlutanum sem hefur verið mest í umræðunni að undanfögnu eins og kannski eðlilegt er. Það er rekstur hins eiginlega borgarsjóðs myndu sumir segja. En þarna sjáum við nokkuð svipaða mynd og af samstæðunni, það er að segja að árið 2015 sker sig verulega úr vegna ástæðna sem ég rakti áðan. En eins og vikið hefur verið að er gert ráð fyrir að gripið verði til aðgerða í rekstri a-hluta til að snúa þessari stöðu og þróun við. Í þeirri aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir að 1.780 m.kr. verði hagræðing í rekstrarútgjöldum árið 2016 og að heildarhagræðing verði 3.380 m.kr. til ársins 2018. Jafnframt er gert ráð fyrir auknum tekjum sem nemur 500 m.kr. árin 2016 og 2017 og 1.000 m.kr. árið 2018, eða einum milljarði. Með þessum aðgerðum er gert ráð fyrir að jafnvægi verði í rekstri a-hluta allt tímabilið.

Ef við skoðum hér aðra mynd, þá er sýnt hvernig hallarekstur í a-hluta á árinu 2015 sem nemur 13,4 milljörðum snýst í 567 milljóna króna afgang árið 2016 og þarna sést auðvitað hversu gríðarlega munar um þessa neikvæðu lífeyrisskuldbindingu. Já, viðsnúningur í henni er um tíu milljarðar. Útsvarstekjur aukast um 4,3 milljarða, tekjur frá Jöfnunarsjóði og aðrar tekjur um 1,5 milljarð, fasteignagjöld um 1,6 milljarð og tekjur af söluhagnaði og sölu eigna um 1,6 milljarð. Launakostnaður eykst um 3,2 milljarða, rekstrarkostnaður um 653 milljónir og afskriftir um 130 milljónir. Þannig eru tekjur að aukast umfram útgjöld um 4,9 milljarða ef frá er talin lífeyrisskuldbindingin. Nettó fjármagnsgjöld aukast um tæpan milljarð aðallega vegna forsendna um meiri verðbólgu.

Nú, fjárfestingar a-hluta. Það er gert ráð fyrir að þær verði brúttó 9,9 ma.kr. árið 2016 og samtals 40,5 ma.kr. á næsta fimm ára tímabili. Helstu áherslur í fjárfestingum varða uppbyggingu í Úlfarsárdal, byggingu leik- og grunnskóla ásamt menningar- og íþróttastöðu þar, byggingu útisundlaugar við Sundhöllina og stækkun Klettaskóla. Í gatna- og umhverfisframkvæmdum er lögð áhersla á gatnagerð í nýbyggingarhverfum eins og Hlíðarenda og Vogabyggð en áætlað er að endurnýja götulýsingar á næstu árum og viðvarandi verkefni eru í malbikun.

Nú, ef við horfum á veltufé frá rekstri og fjármögnun fjárfestinga, þá er gert ráð

fyrir að aðgerðir í rekstri a-hluta leiði til verulegrar styrkingar veltufjár frá rekstri strax á árinu 2016 og að það fari yfir 9% af tekjum frá og með árinu 2018 eins og vinstri myndin sýnir. Á myndinni til hægri eru brúttó fjárfestingar a-hluta sýndar með bláum súlum og handbært fé frá rekstri með grálitaðri súlu. Árin 2014 og 2015 eru fjárfestingar töluvert umfram handbært fé frá rekstri en á árinu 2020 er gert ráð fyrir að það standi að fullu undir fjárfestingum. Þannig eykst geta rekstrar til að fjármagna fjárfestingar eftir því sem líður á tímabilið og dregið er úr áhættu við fjármögnun fjárfestinga og þörf fyrir lántöku eins og gerð verður nánari grein fyrir hér á eftir.

Ef við förum og beinum sjónum stuttlega að málaflokkunum, þá vil ég þó fyrst segja að við gerum ráð fyrir ítarlegri umræðu um einstaka málaflokka í síðari umræðu eins og eðlilegt er, við eigum eftir að útdeila hagræðingu upp á 1780 milljónir og þess vegna held ég að við dveljum ekki mikið við hvern og einn. En ég verð þó að hrósa málaflokkunum fyrir það að þeir hafa undanfarið unnið að því að koma sér fyrir innan rammanna sem úthlutað var í júní og hefur það gengið vel. Málaflokkayfirlitið sýnir aukningu fjárheimilda í öllum málaflokkum ef undan er skilin miðlæg stjórnsýsla. Hagræðingarkrafan er sýnd óskipt í einni línu en milli umræðna verður ákveðið hvernig hún skiptist á milli málaflokkanna. Í sameiginlegum kostnaði 2015 og 2016 eru bæði áhrif gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og að hluta áhrif kjarasamninga sem síðar verður dreift út á málaflokka.

Helstu verkefni sviðanna á næsta ári verða margvísleg en ég ætla í stuttu máli að fara yfir þau. Skóla- og frístundasvið er langstærsta svið borgarinnar. Í samræmi við stefnumótun skóla- og frístundaráðs leggur sviðið áherslu á fimm svokallaða umbótaþætti sem forgangsverkefni á komandi ári. Þessir þættir eru efling læsis, aukið vægi verk-, tækni- og listnáms, lýðræði, jafnrétti og mannréttindi með sérstaka áherslu á nemendamiðað skólastarf og fjölmenningu þar sem fyrir liggja ítarlegar tillögur um að efla virkt tvítýngi barna af erlendum uppruna. Fimmti umbótaþátturinn ber yfirskriftina gæði og fagmennska þar sem áhersla er á starfsþróun fagfólks og sérstaklega að fjölga fagmenntuðum leikskólakennurum með fjárveitingum til námsleyfa starfsfólks á leikskólum. Alls er lagt til að um 200 milljónum króna verði varið í þessa fimm umbótaþætti og innleiðingu þeirra í leik-, grunnskóla og frístundastarfi borgarinnar á næsta ári en það er auðvitað háð því að hagræðingarmarkmið náist.

Helstu verkefni velferðarráðs eru að bæta þjónustuna og færa hana nær notendum. Fókusinn er á börn og fjölskyldur með markmið um að bæta þjónustu nær þeim sem nýta hana. Meðal verkefna á næsta ári er aukning á rafrænni þjónustu til að auka gæði persónulegu þjónustunnar og skilvirkni hennar í heild. Reykjavíkurborg er orðinn aðili að verkefninu Age Friendly Cities eða aldursvænar borgir en þar inni eru verkefni sem lúta að tækninýjungum og endurhæfingu í heimahúsum. Rannsóknarverkefni sem sviðið lét vinna sýndi að 30% þeirra sem spurðir voru þurftu enga þjónustu þegar búið var að endurhæfa og þetta er hér nefnt bara sem eitt dæmi af mörgum af áhersluverkefnum á sviðinu en sviðið stendur líka frammi fyrir því spennandi verkefni að bæta atvinnutækifæri fatlaðs fólks og annarri framþróun á sviði þjónustu við fatlað fólk.

Á umhverfis- og skipulagssviði þarf ekki að nefna að borgin hlaut náttúru- og umhverfisverðlaun norðurlandaráðs síðastliðið ár og hefur sviðið hefur því verið að koma borginni á kortið sem einni grænustu borg Evrópu. Framundan eru stór verkefni sem tengjast loftslagsmálum á Parísarfundinum og innleiðing og eftirfylgni aðalskipulags í því samhengi. Skipulagsgerð með áherslu á húsnaðismarkaðinn ásamt mati á núverandi stöðu hans og þróun er líka mjög mikilvægt verkefni og framfylgd svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sömuleiðis. Þá er verið að fylgja eftir mælikvörðum í umhverfis- og auðlindastefnu borgarinnar eins og farið var yfir hér nýlega í borgarstjórn og borgarráði. Það er unnið að undirbúningi að gerð Borgarlínu í samvinnu við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og unnið að hverfisskipulagi í jöfnum og góðum áföngum. Ný verkefni um matarsóun eða öllu heldur gegn matarsóun eru að bætast við og aðgerðaáætlun vegna stefnu um líffræðilega fjölbreytni, það er verið að fjölga grenndarstöðvum þar sem hægt verði að skila gleri ásamt úrgangsflokkun á fleiri almenningssvæðum í borgarlandinu. Stór uppbyggingaverkefni eru svo eins og áður var talið.

Í fjárhagsáætlun ÍTR fyrir árið 2016 er áfram gert ráð fyrir sama þjónustustigi og verið hefur í sundlaugum, Fjölskyldugarði, skíðasvæðinum og varðandi frístundakortið. Það koma um 1,8 milljón gesta í laugarnar á hverju ári og er almenn ánægja borgarbúa og ferðamanna með laugarnar og þá þjónustu sem þar er boðið upp á. Við stigum á dögnum það skref að hækka einstaka gjaldið í laugarnar en það var meðal annars til að þurfa að hreyfa aðrar gjaldskrár minna, að minnsta kosti að raunvirði. Áfram gerum við svo ráð fyrir auknu starfi og

auknum fjárveitingum í starf fyrir fatlaða framhaldsskólanema í Hinu Húsinu og í nýrri aðstöðu í Elliðaárdal sem hefur gengið afar vel.

Það hefur verið mikið að gera á menningar- og ferðamálasviði undanfarið ár, m.a. vegna fjölgunar ferðamanna. Á árinu hefst undirbúningur fyrir því að taka við endurgerðu Gröndalshúsi þar sem Reykjavík bókmenntaborg UNESCO mun fara í samstarf við einkaaðila. Ný aðgerðaáætlun ferðamálastefnu felur í sér áherslubreytingar í starfsemi Höfuðborgarstofu þar sem meiri áhersla er sett á að styrkja innviði ferðaþjónustu. Á áætlun er að leggja jafnframt áherslu á fjölbreytta miðlun og smærri verkefni til að tryggja flæði gesta í safnahúsum borgarinnar. Dagskránni er ætlað að styrkja sérkenni safnhúsanna, Hafnarhússins, Ásmundarsafns og Kjarvalsstaða og treysta enn tengslin við listunnendur og markhópa hvers safns fyrir sig. Menningarstefnan leggur sérstaka áherslu á börn og menningaruppeldi. Hún endurspeglast á margvíslegan hátt hjá menningarstofnunum, í styrkveitingum ráðsins, í miðlægum verkefnum eins og Reykjavík bókmenntaborg og síauknu samstarfi menningar- og ferðamálasviðs og skóla- og frístundasviðs. Leitast er við að sinna barnamenningunni sérstaklega vel í hverfunum.

Hjá stjórnkerfis- og lýðræðisráði er það að fréttu að á næsta ári verður innleidd rafræn gagnagátt um fjármál Reykjavíkurborgar samkvæmt áætlun. Unnið er að innleiðingu nýrrar upplýsingastefnu. Von er á úttekt á Betri Reykjavík og Betri hverfum sem verður grunnur að tímabærri endurskoðun á framkvæmd þeirra verkefna. Svo hefur ráðið falið innri Endurskoðun að gera úttekt á þjónustumiðstöðvunum og hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum sem sett voru þegar þær voru stofnaðar. Samhliða því stjórnsýsluleg staða hverfisráða skoðuð.

Mannréttindaráð mun kynna og innleiða nýja mannréttindastefnu sem samþykkt var nýverið, bæði fyrir borgarbúum og starfsfólki borgarinnar. Jafnframt fer af stað skoðun um það hvernig unnt sé að jafna kynjahlutfall á vinnustöðum og ennfremur verður mótuð stefna í atvinnumálum fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg. Unnið verður að eflingu lýðræðislegrar þátttöku innflytjenda og enn frekari upplýsingagjöf til þeirra með m.a. með *Velkomin til Reykjavíkur* verkefninu. Svo fer af stað fræðsla til starfsfólks um ólíka kynhneigð og kynvitund og hinsegin fólk í samstarfi við Samtökin '78.

Þá ætla ég að fjalla nánar um markmið aðgerðaáætlunar a-hluta og áhrif hennar

á rekstur og fjármögnun a-hluta. Aðgerðunum er ætlað að draga úr áhættu og stuðla að sjálfbærni í rekstri og fjármögnun a-hluta þannig að hann hafi til lengri tíma fjárhagslega burði til að fjármagna rekstrarútgjöld og fjárfestingar. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar í borgarstjórn þann 1. desember nk. er sumsé gert ráð fyrir að borgarstjórn afgreiði aðgerðaáætlun sem feli í sér um leið fjármálastefnu og fjármálareglur fyrir a-hluta borgarinnar sem ætlað er að verða leiðarvísir fyrir fjármálastjórn til lengri tíma. Jafnframt liggur fyrir til afgreiðslu tillaga um endurskoðun á reglum um gerð fjárhagsáætlunar til að styrkja enn frekar rammastjórnun og eftirlit með framkvæmd fjárhagsáætlunar. Sem fyrr segir vonast ég til eftir breiðri samstöðu um afgreiðslu áætlunarinnar. Svona stilltum við markmiðum hennar upp í greinargerð með frumvarpinu og mun hún koma til umfjöllunar í borgarráði á næstu fundum þess.

Í fyrsta lagi varðandi útgjöld að laun og annar rekstrarkostnaður dragist saman á föstu verðlagi árin 2015-2018 eins og ég hef áður rakið. Að jafnvægi verði í rekstri a-hluta frá og með árinu 2016 og jafnvægi í grunnrekstri frá og með árinu 2018. Að veltufé frá rekstri verði að minnsta kosti 9% af tekjum frá og með árinu 2018 og að sett verði markmið um hlutfall hreinna vaxtaberandi skulda við tekjur. Þetta eru þau fjögur markmið sem við munum fjalla um. Aðgerðaáætlun nær þannig bæði til útgjalda- og tekjuhliðar rekstrarreiknings a-hluta. Á útgjaldahliðinni er gert ráð fyrir hagræðingu í rekstri sem nemur alls 3.380 milljónum króna á þremur árum eða 3,7% af launum og öðrum rekstrarkostnaði á föstu verðlagi. Meirihluti hagræðingar er settur fram strax á árinu 2016 eða 1.780 m.kr. og gert er ráð fyrir að hagræðingaraðgerðir verði útfærðar nánar milli umræðna í borgarstjórn eins og áður sagði þannig að þessari hagræðingu verði í raun útdeilt á sérstaka málaflokka. Á tekjuhliðinni er gert ráð fyrir einskiptistekjum árin 2016 og 2017 sem nema 500 m.kr. ár hvort. Frá og með árinu 2018 er síðan gert ráð fyrir að Orkuveita Reykjavíkur geti verið farin að skila borgarsjóði hóflegum en varanlegum arðgreiðslum í takt við sterkari rekstrar- og skuldakennitölur. Árið 2018 eru heildaráhrif aðgerða orðin 4.380 m.kr. á föstu verðlagi ársins 2016 þar sem hagræðing í rekstri nemur sem fyrr segir 3,4 ma.kr. af þessu en arðgreiðslur 1.000 m.kr. eða einum milljarði.

Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir magnaukningu útgjalda m.a. vegna uppbyggingar búsetuúrræða, fjölgunar þjónustuþega á velferðarsviði, fjölgunar nemenda á skóla- og frístundasviði og aukins viðhalds gatna og fasteigna og eru þessi útgjöld inni í römmum viðkomandi málaflokka. Á tímabilinu 2015-2018,

meðan aðgerðir standa yfir, lækka útgjöld því minna á föstu verðlagi en sem nemur þeirri hagræðingu sem ég greindi frá áðan, eða um 1,5% í stað 3,7%. Árin 2019 og 20 er hins vegar gert ráð fyrir að útgjöld aukist um 1,2% hvort ár á föstu verðlagi og þar er á ferðinni semsagt magnbreyting.

Í aðgerðaáætlun er sett markmið um að rekstrarniðurstaða a-hluta verði jákvæð allt tímabilið 2016-2020. Framan af er afgangur af rekstri meðal annars borinn uppi með tekjum af söluhagnaði, sölu byggingarréttar og öðrum einkiptistekjum en með þeim útgjalda- og tekjaaðgerðum sem lýst er hér að framan og hóflegri áætlun um aukningu skatttekna á tímabilinu, verður reksturinn sífellt minna háður einkiptistekjum og frá og með árinu 2018 er gert ráð fyrir að jafnvægi verði náð í rekstri a-hluta jafnvel þótt aðeins sé horft til reglulegra tekna. Í þessari umræðu eru arðgreiðslur frá Orkuveitu Reykjavíkur taldar til óreglulegra tekna þó ætla megi að til lengri tíma geti arðgreiðslur að einhverju marki talist til reglulegra tekna.

Rekstrarniðurstaða a-hluta án óreglulegra tekna og gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar styrkist verulega á tímabilinu, úr því að vera neikvæð um 814 m.kr. á yfirstandandi ári, 2015, í að vera jákvæð um 3,3 ma.kr. árið 2020 sem er talinn viðunandi afgangur til að standa undir eðlilegri gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar. Í aðgerðaáætlun er gert ráð fyrir styrkingu grunnrekstrar á tímabilinu til að stuðla að sjálfbærni í rekstrinum þannig að reglulegar tekjur standi undir útgjöldum þegar horft er til lengri tíma.

Við setjum okkur markmið um að veltufé frá rekstri verði að lágmarki 9% af tekjum frá og með árinu 2018. Þar er m.a. horft til meðalhluftfalls úr rekstri borgarinnar fyrir síðustu tíu ár eða 2003-2013, sem er um 10% af tekjum, og úr rekstri nágrannasveitarfélaga yfir sama tímabil, sem er 9% af tekjum. En með þessu erum við að stuðla að því að grunnrekstur komist í ásættanlegt horf og að reksturinn skili viðunandi afgangi til fjármögnunar á fjárfestingum og öðrum reglubundnum útgjöldum í sjóðstreymi.

Ef við horfum á fjármögnun, þá sýna dekkri súlurnar veltufé frá rekstri yfir tímabilið 2015-2020 og þær ljósari fjárfestingatekjur, þ.e. tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu eigna og byggingarréttar. Ferillinn sýnir brúttó fjárfestingar a-hluta. Þannig sýnir myndin hvernig fjárfestingar a-hluta eru fjármagnaðar en þegar veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur eru undir brúttó fjárfestingum þarf að fjármagna mismuninn með aukningu hreinna skulda.

Framan af tímabilinu er fjármögnun fjárfestinga töluvert háð fjárfestingatekjum og hreinar skuldir að aukast en með aðgerðaáætluninni er gert ráð fyrir verulegri styrkingu veltufjár frá rekstri og frá og með árinu 2020 er gert ráð fyrir að veltufé standi að fullu undir fjárfestingum og öðrum útgjöldum í sjóðstreymi. Þannig er aðgerðum ætlað að minnka áhættu við fjármögnun a-hluta og draga úr þörf fyrir skuldsetningu. En hvernig er hún þá? Við erum hér að tala aðallega um hreinar vaxtaberandi skuldir í þessu samhengi og við liggjum þar rétt um og yfir 20% í áætlun.

Forseti, kæru borgarfulltrúar. Ég hef nú mælt fyrir frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2016 og frumvarpi að fimm ára áætlun 2016-2020 og legg til að þeim verði vísað til annarrar umræðu í borgarstjórn þriðjudaginn 1. desember næstkomandi. Ég mæli jafnframt fyrir framlögðum tillögum sem liggja fyrir fundinum vegna fjárhagsáætlunar. Fyrst fyrir tillögu um álagningarhlutfall útsvars 2016 sem verði 14,52%, álagningarhlutfall fasteignaskatta af íbúðarhúsnæði sem verði 0,2%, álagningarhlutfall fasteignaskatta af opinberum byggingum sem verði 1,32%, álagningarhlutfall fasteignaskatta af atvinnuhúsnæði sem verði 1,65% og lóðarleigu sem verði 0,2% af íbúðarhúsnæði en 1% af opinberum byggingum og atvinnuhúsnæði. Þá mæli ég fyrir tillögu um gjaldagaskiptingu fasteignagjalda sem felur í sér breytta skipan mála þar sem nú er lagt til að gjalddagar verði í öllum tilvikum níu og jafnframt geti greiðandi óskað eftir hvenær sem er að gera upp alla ógreidda gjalddaga. Ég mæli einnig fyrir tillögum um uppgjorsreglu vegna breytinga á fasteignamati og tillögu um viðmiðunarmörk tekju og eigna vegna afsláttá fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega en jafnframt vil ég mæla fyrir tillögu um 2.246 m.kr. lántökuheimildir árið 2016.

Um leið og ég legg til að tillögum um gjaldskrár verði vísað til annarrar umræðu og afgreiddar á undan öðrum tillögum sem liggja fyrir þeim fundi þá vil ég ljúka þessu máli með því að þakka öllum sviðum, ráðum, fjármálastjórum þeirra fyrir undirbúning þessarar áætlunar, vonast eftir góðu samstafi við útfærslu aðgerðaáætlunarinnar milli umræðna og eftirfylgni með henni næstu þrjú árin og að síðustu vil ég sérstaklega fá að þakka skrifstofu eigna og atvinnuþróunar varðandi fjárfestingaáætlunina en síðast en ekki síst fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar sem eins og undanfarin ár hefur átt veg og vanda að undirbúningi áætlunarinnar og hefur staðið sig af stakri fagmennsku, þrúðmennsku og þrýði. Og hlakka ég þá til umræðunnar hér í dag og síðari umræðu og umfjöllunar borgarráðs fram að því.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til Halldór Halldórsson borgarfulltrúi næstur til máls.

- 1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020

Halldór Halldórsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þá hefur borgarstjóri gert grein fyrir frumvarpi að fjárhagsáætlun sem lagt er fram hér og nú hefur meirihluti þessara fjögurra flokka, Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna, lagt fram aðra fjárhagsáætlun sína á kjörtímabilinu. Og rétt eins og fyrir ári síðan er þessi fjárhagsáætlun ekki glæsileg og henni fylgir útkomuspá fyrir árið í ár sem er óravegu frá þeirri vondu fjárhagsáætlun sem meirihlutinn samþykkti fyrir ári síðan. Útkomuspáin núna segir okkur að samstæðan, þ.e.a.s. borgarsjóður eða a-hluti, og fyrirtæki borgarinnar, verði rekin með 3,4 milljarða kr. halla á árinu 2015, samstæðan sjálf, en hún átti að skila töluverðum afgangi. Þá ætlar meirihlutinn að snúa því snöggt við og stefnir á á næsta ári að það verði 8 milljarða afgangur á samstæðunni. Og miðað við reynsluna af undanförunum árum í rekstri, þá er voða erfitt að trúá því.

Um borgarsjóð eða a-hluta sem er nú þarna uppi á töflunni, uppi á skjánum, þá er skemmst frá því að segja að hann er ekki nálægt núlli eins og meirihlutinn ætlaði sér skv. fjárhagsáætlun heldur með 13,4 milljarða halla og aðalsjóður sem er rekinn fyrir skatttekjur, hann verður með 18,2 milljarða halla á næsta ári. Þetta eru engar smátölur. Þarna vega lífeyrisskuldbindingar þungt en þær þarf að borga þegar upp er staðið og þegar við skoðum reksturinn án gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga, þá er hann samt sem áður verulega slæmur.

Tekjur a-hluta aukast engu að síður um 10% frá útkomuspá til áætlunar 2016 sem er umfram þær verðlagsbreytingar sem reiknað er með í frumvarpinu sama hvort við tölum um launavísitölu eða neysluvísitölu. Með öðrum orðum: tekjur aukast hlutfallslega meira en þessi hefðbundnu rekstrargjöld. Þessi hefðbundnu rekstrargjöld. Skuldir og skuldbindingar a-hluta, hér er þetta alveg frá 2002, þið sjáið þróunina, þær fara úr því að vera 64,5 milljörðum í 83,1 milljarð frá 2014 til 2016 ef áætlun stenst, eða um 30%. Skuldir aðalsjóðs, sem ég er ekki með glæru yfir, þær fara að sama skapi fara úr 23,8 milljörðum í 37,7 milljarða á þessu sama tímabili, 2014 til 2016, eða um 58% hækkun.

Þetta eru svakalegar tölur og kalla á svo tafarlausar aðgerðir af hálfu meirihluta borgarstjórnar að annað eins hefur náttúrlega bara aldrei sést við rekstur Reykjavíkurborgar. Og höfum í huga að 2,3 milljarðar eru óútfærð hagræðing í frumvarpinu. 1,8 milljarður í rekstrarhagræðingu, lækkun útgjalda, og 500 m.kr. í

eignasölu eða hækkun tekna. Þetta er sérstök lína í frumvarpinu eins og þið hafið séð og niðurstöðutölur eru þar af leiðandi 2,3 milljörðum hagstæðari en ella. Ef þessi lína væri ekki í frumvarpinu, þá værum við með niðurstöðutölu sem sýndi 2,3 milljörðum hærra tap. 2,3 milljörðum hærra tap. Og þetta er algjörlega óútfært. Borgarstjóri kom inn á það hér áðan að þessu yrði skipt niður á svið á milli umræðna en það er ekki búið að því. Og það er meira en að segja það að skipta þessu niður á svið. Ef ekki tekst að útfæra þetta, þá verður auðvitað rekstrarniðurstaðan enn verri en hér er talað um. Og hugsíð ykkur, Reykjavíkurborg, þetta stærsta sveitarfélag landsins er með útsvarið í hæstu leyfilegu, hæstu löglegu hæðum og samt erum við með þessa slæmu niðurstöðu. En jmeira um þetta hér aðeins síðar þar sem ég fer yfir þessa þróun og dreg svokallaðar reiknaðar stærðir frá til að gera samanburðinn auðveldari.

Reykjavíkurborg rétt eins og önnur sveitarfélög í þessu landi stendur árlega frammi fyrir miklum áskorunum hvað varðar forgangsröðun verkefna, áherslur í framboði þjónustu og kröfur um aukna og skilvirkari þjónustu. Það á bæði við um umfang núverandi verkefna, gæði þeirra og ný verkefni. Þannig að verkefnið við árvissa vinnslu fjárhagsáætlunar er auðvitað að koma útgjaldarammanum, sem mótast af lögskipuðum fyrirmælum ríkisins um þjónustu af hálfu borgarinnar að viðbættum óskum og kröfum íbúanna sem við þekkjum, fyrir inni í tekjurammanum sem tekur breytingum vissulega en yfirleitt ekki gríðarlegum sveiflum. Enda er útsvarið frekar mikið sveiflujafnandi tekjustofn og mjög mikilvægur tekjustofn sem tekur til dæmis ekki eins miklum sveiflum eins og tekjustofnar ríkisins, veltuskatta tekjustofnarnir.

En hlutverk borgarstjórnar og þá fyrst og fremst meirihluta borgarstjórnar hverju sinni er því að taka ákvarðanir um hvað sé mögulegt og hvað skuli gert umfram það sem lögskipað er. Hjá Reykjavíkurborg er ansi margt gert umfram það sem lögskipað er. Þegar kreppir verulega að í rekstrinum eins og gerir þessi árin og hefur reyndar gert lengst af undir stjórn vinstrimeirihluta í Reykjavík, þá þarf að taka upp skýrari forgangsröðun. Það þarf að taka upp skýrari forgangsröðun. Það þýðir að gæluverkefnin þurfa að víkja. Það þýðir að grunnþjónusta á borð við þjónustu við aldraða og fatlaða þarf að vera í forgrunni. Það þýðir að gæluverkefni er sett til hliðar en þjónusta við aldraða er látin vera í forgrunni en ekki skorin niður þegar gæluverkefnin fá að halda sér.

Og hvað eru gæluverkefni? Þegar forgangsröðun þarf í þágu íbúanna, í þágu þeirra sem þurfa sárlega á grunnþjónustu á borð við heimaþjónustu að halda er

ekki hægt að réttlæta að á sama tíma hafi sem dæmi sérstakt ráð verið stofnað ásamt starfsmanni til að sinna verkefnum sem hægt er að sinna innan núverandi stjórnkerfis. Þetta er stjórnkerfis- og lýðræðisráð, ég er bara að taka hér eitt dæmi, sem mun kosta allt að 35 m.kr. á ári eða 140 m.kr. á kjörtímabilinu. Þó þetta dæmi sé tekið eru þau auðvitað út um allt. Hvað eru t.d. mörg stöðugildi í svokölluðum upplýsingamálum? Hvað eru margir upplýsingafulltrúar hjá borginni? Ég fæ töluna 14 þegar farið er í gegnum málið og hef ég nú farið í gegnum það með nokkrum og ekki allir tilbúnir til að gefa upp nafn í því samhengi. Ég fæ töluna 14 og það er fyrir utan tölvufólk sem tengist auðvitað upplýsingamálum. Þannig að það eru ýmis verkefni sem hægt er að skera niður til þess að forgangsraða, bæði í þágu grunnþjónustunnar og til þess að ná tókum á rekstrinum sem ekki er að gerast núna. Þannig að það er nokkuð ljóst að meirihlutinn þarf að forgangsraða til að reksturinn standi undir grunnþjónustunni.

Ágætu borgarfulltrúar. Mig langar til þess að taka það fram áður en ég fer í nánari greiningar hér á þessari fjárhagsáætlun að mikil vinna liggur á bakvið auðvitað áætlunina í ráðum og nefndum þar sem kjörnir fulltrúar leggja sín lóð á vogarskálarnar ásamt starfsfólki borgarinnar sem leggur sig verulega fram um að vanda til verka og vil ég þakka öllu því góða fólki fyrir þeirra framlag. Við fengum í síðustu viku kynningar frá öllum sviðum og fyrirtækjum þrjá daga í röð í borgarráði og fengum við mikið af upplýsingum á stuttum tíma og það var vel leyst af hálfu kjörinna fulltrúa og embættismanna.

Það hefur svosem ekki verið mikið unnið í borgarráði að fjárhagsáætlun eða því að takast á við rekstrarvanda borgarinnar. Rammar eru settir fram að vori en ýmsar breytingar verða frá römmum þar til heildarsýnin fæst í formi frumvarps örfáum dögum fyrir fyrri umræðu í borgarstjórn. Í ár voru rammar lagðir fram í júní og fljótlega eftir það var kynnt hálfis árs uppgjör sem sýndi gríðarlegt tap fyrstu 6 mánuðina. Þrátt fyrir það sáu við í minnihlutanum a.m.k. ekki neinar breytingar á þessum römmum fyrr en núna í frumvarpi að fjárhagsáætlun. Það var eins og meirihluti flokkanna fjögurra í borgarstjórn, Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna, væri að bíða eftir einhverju. Það var eins og þau væru að bíða eftir því að Sjálfstæðisflokkurinn framkvæmdi tillögu sína frá því í borgarstjórn í vor. Tillagan var svona með leyfi forseta:

Borgarstjórn samþykkir að hefja nú þegar vinnu við rekstrarhagræðingu a-hluta borgarinnar með það að markmiði að rekstur verði í jafnvægi þannig að skatttekjur dugi fyrir rekstrarútgjöldum. Jafnframt verði það markmið sett að veltufé frá rekstri fari í 11% af skatttekjum og verði ekki lægra en 9% af

skatttekjum þegar á rekstrarárinu 2015. Í framhaldi af hagræðingaraðgerðum verði hafist handa við að lækka útsvar í áföngum. Fyrsti áfangi verði 0,25% lækkun útsvars.

Tilvitnun lýkur í þessa tillögu. En Sjálfstæðisflokkurinn er því miður í minnihluta þannig að þessi tillaga sem var vísað til borgarráðs þurfti á því að halda að meirihlutinn færi að vinna að henni. En það gerðist ekki. Hins vegar var farið í greiningu á möguleikum hagræðingar í borgarráði eftir sumarfrí og tíminn til að takast á við rekstrarvanda ársins 2015 orðinn stuttur. Við höfum svosem ekkert marktækt séð ennþá um að verið sé að takast á við rekstrarvanda Reykjavíkurborgar annað en þessa stafi á blaði sem meðal annars borgarstjóri fór yfir áðan. Við höfum ekki einu sinni séð þær tillögur okkar sem þó voru samþykktar oft en einu sinni um að setja nóturnar á netið framkvæmdar. Þar sáum við borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins mikil tækifæri til að auka aðhald að rekstrinum. En ekkert gerist í að framkvæma þessa mjög svo góðu tillögu þrátt fyrir heilt Pírataráð sem hefur starfað í eitt og hálf ár. Stjórnkerfis- og lýðræðisráð sem kostar örugglega meira á ári en kostnaður við að koma bókhaldinu á netið. En við höfum séð stafi á blaði undanfarin ár meðan reksturinn versnar jafnt og þétt undir stjórn vinstri-meirihlutans í Reykjavík og skuldir aukast hratt. Það þarf nefnilega aðgerðir líka, ekki bara stafi á blaði.

Frumvarp að fjárhagsáætlun var lagt fram í borgarráði fyrsta daginn af þremur í síðustu viku. Síðan fóru kynningar allra sviða og fyrirtækja fram. Þetta voru að mínu mati betri vinnubrögð en á síðasta ári þegar frumvarpið var lagt síðast fram eða á eftir öllum kynningum. Það er betra að vita um heildarniðurstöður fjárhagsáætlunar og skiptingu á svið og fyrirtæki áður en farið er yfir starfsáætlun og nákvæmari greiningu einstakra sviða. Þetta gerði ég meðal annars að umtalsefni fyrir ári síðan. Þessu hefur verið breytt og þykir mér það til bóta. Það gefur okkur aðeins meira svigrúm, aðeins lengri tíma, til að átta okkur á tölulegum staðreyndum frumvarpsins.

Ágætu borgarfulltrúar. Fjármagn sem reksturinn skilar, fjármagn sem reksturinn skilar. Öðru nafni veltufé frá rekstri. Mér hefur orðið tíðrætt um þessa stærð, ég veit að hún vefst fyrir einhverjum, hún er kannski ekki mjög lýsandi. En þetta er hugtakið um fjármagn, þá beinhörðu peninga, sem reksturinn skilar. Þetta er það fjármagn sem er til nýrra verkefna, nýrra fjárfestinga, og greiðslu lána. Þetta er kennitala sem lýsir fjármunamyndun á rekstrartímabilinu, rekstrartímabilið er þá almanaksárið í tilfelli Reykjavíkurborgar. Þetta er mjög mikilvæg hlutfallstala, ég segi að þetta sé mikilvægasta kennitalan í rekstrinum, sem segir til um getuna til

að greiða afborganir lána og fjárfestingar. Þegar þessi tala er fundin út, þegar þessi hlutfallstala er fundin út, veltufé frá rekstri, þá er búið að taka allar svokallaðar reiknaðar stærðir eins og lífeyrisskuldbindingar í burtu. Það er búið að draga þær frá svo við sjáum nákvæmlega hverju reksturinn skilar í beinhörðum peningum. Veltufé a-hluta eða borgarsjóðs frá rekstri lækkar sem hlutfall af tekjum ár frá ári og það er mjög alvarlegt. Þegar við ræddum fjárhagsáætlun ársins 2015 fyrir einu ári síðan var reiknað með því að þessi mikilvægasta kennitala rekstrarins yrði 7,3% árið 2014 en hún varð 5,4%. Þá var reiknað með 6,8% árið 2015 en hún stefnir í 5%. Svo ætlar meirihlutinn að ná þessu hlutfalli fjármagns sem reksturinn skilar í beinhörðum peningum upp í 7,6% árið 2016. Það er reyndar engan veginn nógu hátt hlutfall skv. fjármálaskrifstofu borgarinnar en manni finnst ekki trúlegt að þetta hlutfall náist miðað við þróun síðustu ára. Því miður, verð ég að segja.

Þegar við förum yfir ákveðnar tölulegar staðreyndir, þið sjáið að þarna hef ég, þarna er dregin lína um 9% og ef ég man rétt, þá var í greinargerð fjármálaskrifstofu með ársreikningi talað um 9,7% en allavega dreg ég línuna þarna um 9% og þið sjáið að við erum langt frá því. Ég talaði reyndar um á sínum tíma að 11% væri mikilvægt en þarna dreg ég bara línuna við það sem fjármálaskrifstofa sjálf hefur sett markið og við erum langt frá því. Ég fer betur yfir það á eftir. Hér er veltufé frá rekstri, þetta er úr skýrslu fjármálaskrifstofu, þetta í raun segir söguna, hún bara nær ekki eins langt aftur hér, og hér sjáum við þessar sömu tölur og við sjáum hversu bratt á að bæta þessa stöðu á fimm ára tímabilinu 2016 til og með 2020. Og við skulum svo sannarlega vona að það takist en miðað við þróun undanfarinna ára, þá er það því miður ekki líklegt.

Í inngangi borgarstjóra með fjárhagsáætlun sem er hér með greinargerðinni segir að tekjur hafi hætt að duga fyrir gjöldum árið 2015 eins og gildi um sveitarfélög á öllu höfuðborgarsvæðinu. Hættu tekjur að duga fyrir gjöldum árið 2015? Það er nýtt fyrir okkur sem höfum gagnrýnt þennan rekstur lengur en vegna ársins 2015. Ef við skoðum hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og skoðum hvernig reksturinn gengur hjá þeim af því að borgarstjóri hefur lagt mikla áherslu á það að við séum öll í sömu súpunni hvað þetta varðar, þá er það auðvitað þannig, og það er alveg rétt, að flest sveitarfélög eru í sömu stöðu hvað varðar málefni fatlaðs fólks en nú er fjármögnun þess verkefnis í endurskoðunarfasa milli ríkis og sveitarfélaga eins og kveðið er á um í samningi um yfirfærsluna og það er auðvitað eðlilegt að fjármagn fylgi þeim verkefnum sem færð eru á milli, við erum

öll sammála um það. Mörg sveitarfélög glíma líka við hallarekstur hjúkrunarheimila og þannig mætti lengi telja. Þetta segi ég vegna þess að áskoranir í rekstri eru svipaðar og glíman um leiðréttingu tekjustofna er sameiginleg með sveitarfélögum landsins. Hún er það, vissulega. Reykjavík hefur þó mikla sérstöðu í þessu samhengi, í þessu rekstrarlega samhengi. Hver er sérstaðan? Jú, hún er sú að borgin er fjórum sinnum stærri en næststærsta sveitarfélag landsins og hefur því gríðarlega hagræðingarmöguleika í rekstri sínum umfram öll önnur sveitarfélög. Ef stærðarhagkvæmni virkar einhvers staðar þá virkar hún hjá Reykjavík. Þ.e.a.s. ef borginni er stýrt almennilega sem ekki er gert og útkomuspá og fjárhagsáætlun undirstrika svo vel.

Ef við veltum fyrir okkur að við séum öll í sömu súpunni, þá sjáum við hér veltufé frá rekstri, þetta fundum við nú bara á vefnum varðandi nágrannasveitarfélögin. Við sjáum það að bláa súlan er 2015, þar er Reykjavík með 5% skv. útkomuspá, Kópavogur með 9,5%, Garðabær 8,3, Mosfellsbær 9,5, við fundum ekki fyrir Hafnarfjörð. Og þegar við skoðum áætlun næsta árs þá ætlar Reykjavíkurborg að koma sér upp í 7,6% en Kópavogur ætlar að vera í 9,4, Garðabær í 9,8, Mosfellsbær í 8,4 og Hafnarfjörður ætlar upp í 11,8. Þannig að langstærsta sveitarfélag landsins, höfuðborgin, er ekki á nákvæmlega sama stað og nágrannasveitarfélögin, þó að þau eins og borgarstjóri hefur sagt hafi kvartað undan því að það sé þyngra í ári. Það er þyngra í ári hjá öllum, en borgin, sem ætti auðvitað að vera með hæstu súluna þarna ef allt væri eðlilegt, er með lægstu súluna. Hún er með lægstu súluna fyrir árið 2015, hún er með lægstu súluna fyrir árið 2016.

Það er líka talað um í inngangi borgarstjóra að fjárhagsáætlun að hallinn á málefnum fatlaðs fólks sé 1,1 milljarður kr. og hallinn á hjúkrunarheimilum 288 m.kr. Það er auðvitað hlutverk ríkisins að sjá hjúkrunarheimilum fyrir daggjöldum og ef sveitarfélög ná ekki endum saman í þeim rekstri, þá ætti auðvitað að skila slíku verkefni til baka til ríkisins. Hvað varðar halla á málefnum fatlaðs fólks er það mál í farvegi í samræmi við upphaflegan samning. Við skulum nú bara vera bjartsýn á að það gangi vel, það er allavega ekki ástæða til að vera svartsýnn fyrirfram varðandi það.

Þegar við drögum þessar tölur frá í rekstrinum sem ég var að telja upp, það er að segja málefni fatlaðs fólks, það sem vantar upp á þar skv. borgarstjóra, og hjúkrunarheimilin, þá náum við veltufé frá rekstri ekki upp í þá lágmarkstölu sem fjármálaskrifstofa borgarinnar telur nauðsynlega. Sem segir okkur svolítið um

reksturinn að öðru leyti. Ef við segjum að reksturinn batni um það, segjum sem svo að það náist bara góð samstaða við ríkið um að bæta þetta með hjúkrunarheimilin, 288 milljónir, og málefni fatlaðs fólks um 1,1 milljarð, og við setjum það inn í líkanið og skoðum hvað það gerir fyrir veltufé frá rekstri. Það er ekki nóg. Það er ekki nóg. Þannig að það er ýmislegt annað að í rekstrinum heldur en bara fjárhagsleg samskipti við ríkið. Þannig að það ætti að vera morgunljóst öllum þeim sem lesa þessa fjárhagsáætlun og ársreikninga undanfarinna ára að það er eitthvað mikið að í fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og ábyrgð meirihlutans er öll í því máli og meirihluti þessara fjögurra flokka, Pírata, Samfylkingar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna, hefur brugðist borgarbúum í því að fara vel með fjármuni þeirra.

Það eru mörg hættumerkin og margt sem ástæða er til að efast um að gangi upp í fjárhagsáætlun þó auðvitað hljótum við öll að vona að áætlanir gangi eftir og betur en það. En það er mikil óskhyggja í áætlun fyrir árið 2016 og í fimm ára áætlun. Talað er um að það sem markmið að veltufé frá rekstri verði a.m.k. 9% af tekjum frá árinu 2018. Það þarf margt að ganga vel upp í rekstrinum til að svo verði. Það er ljóst að til dæmis rekstur aðalsjóðs verður með tapi allt fimm ára tímabilið. Rekstur aðalsjóðs verður rekinn með tapi allt fimm ára tímabilið. Aðalsjóður fer ekki yfir núllið á fimm ára tímabilinu. Hann er fjármagnaður með skatttekjum. Svo segir í greinargerð fjármálaskrifstofu að frá árinu 2018 fari arður að berast frá Orkuveitu Reykjavíkur. Það er verulega umhugsunarvert að ef matið verður það á árinu 2018 að Orkuveitan hafi burði til að greiða arð, en um það ríkir eins og þið vitið mikil óvissa auðvitað, enda eru álmarkaðir ansi valtir núna sem hefur auðvitað bein áhrif á afkomu Orkuveitunnar, það er bara ýmislegt erfitt að gerast á álmörkuðum, en hafi Orkuveitan burði til arðgreiðslna, gefum okkur það, af hverju er ekki frekar horft til þess að létta álögum á borgarbúum? Bæta reksturinn og draga úr álögum.

Því að reikningar til borgarbúa fyrir orkukaup hækkuðu heldur betur þegar syrti í álinn hjá Orkuveitunni í framhaldi af hruninu. En við höfum alveg dæmi um vatns- og fráveitugjöld sem hafa hækkað alveg allt upp undir 50% og öll gjöld Orkuveitunnar hafa hækkað langt langt umfram allar verðlagsbreytingar. Þannig að af hverju værum við ekki frekar að horfa til þess að skila einhverju af þessu til baka til borgarbúa? Ef hún hefur burði til arðgreiðslna ætti hún að hafa burði til að skila hækkunum tilbaka til borgarbúa sem tóku á sig auðvitað stóran hluta af rekstrarhagræðingu Orkuveitunnar með því að borga miklu miklu meira fyrir

hennar þjónustu. Höfðu svo sem engan valkost eiginlega heldur en að halda áfram að versla við Orkuveituna. Það á ekkert að vera endalaust hægt að, það þarf líka að tala máli skattgreiðenda í þessu samhengi, það á ekki endalaust að vera hægt að fara í vasa skattgreiðenda til að fjármagna slæman rekstur. Það þarf að fara í útgjaldahlið rekstrarins.

Og talandi um útgjaldahlið rekstrarins, þá sjáum við ennþá að stöðugildum fjölgar. Ég tók mælinguna frá apríl 2014 til apríl 2015, þá fjölgar stöðugildum um 74 eða 1,1%. 74 stöðugildi. Og þessi talning er samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar og er tekin árlega hjá öllum sveitarfélögum landsins. Ég hef beitt nokkrum aðferðum við að nálgast stöðugildafjölda. Ég til dæmis reyndi að pikka stöðugildin upp úr fjárhagsáætluninni. Það reyndist ekki að fullu samanburðarhæft. Ég hef fengið út úr stjórnunarkerfinu, Click View, eins og þið kannski munið. Ég fæ aldrei sömu tölur. Ég fæ aldrei sömu tölur um stöðugildafjölda hjá Reykjavíkurborg. En heildarmyndin er alltaf sú sama; fjölgun stöðugilda. Það er alltaf sú heildarmynd sem ég fæ. Þegar ársreikningur 2014 var afgreiddur sýndi ég fram á að óútskýrð fjölgun stöðugilda frá 2010 væri 178. Það komu fram eftir á ákveðnar skýringar á því hvernig þau skiptust o.s.frv. en heildarmyndin var áfram sú sama og er staðfest enn og aftur með þessari þróun hérna frá 2014 til 2015. Stöðugildum fjölgar og það virðist engin bremsa vera á því hjá Reykjavíkurborg.

En ágætu borgarfulltrúar. Í greinargerð fjármálaskrifstofu kemur fram að á árinu 2015 séu reglubundin útgjöld langt umfram veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Þessi orð eru í fullu samræmi við það sem ég hef hér áður sagt um það fjármagn sem reksturinn skilar í peningum. Þessi mismunur, það sem vantar á, hann er fjármagnaður með mikilli aukningu, svo ég noti nú orðalag úr skýrslunni, hreinna vaxtaberandi skulda eins og sjá má í þessari gríðarlegu hækkun skulda. Á árinu 2016 á að snúa þessu við, sem sagt ekki taka meiri lán, þið sjáið þarna 2015 hvað það vantar mikið upp á upp í reglubundin útgjöld, að veltufé frá rekstri dugir ekki, fjárfestingatekjur duga ekki, fjárfestingatekjur eru þá sala byggingarréttar, sala eigna, gatnagerðargjöld og slíkir þættir. Það dugir ekki, það þarf að taka lán fyrir því. En strax á árinu 2016, þá sjáið þið græna, veltufé frá rekstri, þetta er sem sagt úr skýrslu fjármálaskrifstofu, græna er veltufé frá rekstri og svo koma fjárfestingatekjur og þær eiga sem sagt að fara yfir og duga vel fyrir reglubundnum útgjöldum og meira en það. Þessar fjárfestingatekjur eiga á árinu 2016 að vera 7,6 milljarðar og eins og segir í greinargerð fjármálaskrifstofu þá er fyrri hluti

tímabilsins 2016-2020 töluvert háður fjárfestingatekjum, þetta er mjög varfærið orðalag hjá fjármálaskrifstofu en það er gríðarlegur þungi á bak við það. Töluvert háður fjárfestingatekjum.

Það segir sig nú sjálft ef maður horfir á þessa mynd að fjárfestingatekjur eru að miklu leyti undirstaðan undir það. Gangi þær ekki upp, þá verður að fjármagna mismuninn með skuldaaukningu. Aftur segir fjármálaskrifstofa að rekstrarniðurstaða skv. áætlun fyrir a-hluta árið 2016 sé 567 m.kr. og því má lítið út af bera til að markmið aðgerðaáætlunar raskist. Lítið út af bera. Aftur varfærið orðalag en mikill þungi. Það er með öðrum orðum verið að segja að það má hreinlega ekkert klikka, ekki nokkur skapaður hlutur í áætlunum, til að setja fjárhagsáætlun upp í loft. Á hreinni íslensku er það bara þannig. Það má ekkert klikka. Þegar við skoðum áætlanir fyrir fjárfestingatekjur aftur í tímann má sjá að þær hafa ekki staðist. Við höfum haft lægri fjárfestingatekjur en áætlanir hafa gert ráð fyrir. Enn og aftur vonum við að svo verði ekki en sagan segir okkur að þessar áætlanir hafi ekki gengið upp.

Húsnæðismálin eru svo sérstakur kapítuli. Það er ótrúlegt að heyra borgarstjóra fyrir hönd meirihlutans í Reykjavíkurborg lýsa því að ekkert samhengi sé á milli lóðaverðs og endanlegs verðs húseignar. Það er sem sagt búið að taka hina einföldu formúlu um framboð og eftirspurn úr sambandi hvað þetta varðar í Reykjavík. Auðvitað er samhengi þarna á milli, það sér hver og einn sem það vill sjá. Með því að halda aftur af sér í lóðaúthlutunum og svíkja m.a. annars íbúa í Úlfarsárdal sem og íþróttafélagið sem þar samþykkti að koma að uppbyggingu í samræmi við upphaflegar áætlanir um stærð hverfisins er auðvitað verið að skapa lóðaskort. Þess vegna hækkar lóðaverð og þess vegna hækkar verð íbúðarhúsnæðis.

Og allt bitnar þetta fyrst og fremst á ungu fólki sem þarf með einhverjum hætti að koma þaki yfir höfuðið. Skortur á lóðum skapar hærra lóðaverð, það ýtir upp verði fasteigna og fasteignamatið hækkar í Reykjavík um allt að 17% þannig að fasteignagjöld hækka. Enda sjáum við að tekjur af fasteignasköttum eiga að hækka um 1,5 milljarða á milli ára. Það er 11% hækkun og vel umfram áætlaða verðlagsþróun.

Allt þetta gerir fólki erfiðara fyrir við að kaupa og/eða leigja því þetta fer auðvitað beint út í verðlagið. Og þetta gerist á vakt meirihlutans sem gaf sig út fyrir að ætla að gera mikið í húsnæðismálum. Það er ekkert að gerast í húsnæðismálum hjá

meirihlutanum ef við skoðum kosningaloforðin. Hins vegar eru verktakar og félög að byggja, fá þau lóðir til þess, en þær eru af skornum skammti og uppfylla engan veginn þá eftirspurn sem talin er vera næstu árin eftir húsnæði. Þannig stuðlar Reykjavíkurborg að lóðabraski og er stærsti lóðabraskarinn í þessu samhengi. Ég kann svörin ykkar í meirihlutanum. Þá segið þið og hafið sagt, oftast en einu sinni og oftast en tvisvar, að ungt fólk hafi engan áhuga á lóðum. Að ungt fólk hafi engan áhuga á lóðum. Það hef ég heyrt ykkur segja, nokkra fulltrúa meirihlutans, oftast en einu sinni. Ég segi að með svoleiðis svörum eruð þið að tala niður til ungs fólks sem er í húsnæðisleit. Fleiri lóðir eru lykillinn að fleiri íbúðum. Það að skaffa ekki lóðir í samræmi við þörf þegar fasteignaverð hækkar mikið þýðir auknar álögur á fjölskyldurnar. Þannig er meirihlutinn að sýna vilja til að skattþína þá íbúa sem fyrir eru en leggur minna upp úr því að fá nýja íbúa til að deila byrðunum betur með okkur hinum.

Ágæti forseti. Ég vil svona hér nokkurn veginn í lokin í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og koma þökkum mínum á framfæri til starfsfólks borgarinnar sem hefur verið tilbúið að svara fyrirspurnum vegna fjárhagsáætlunar og tengdra atriða. Við munum auðvitað við síðari umræðu fara nánar yfir sviðin og væntanlega fimm ára áætlun líka sem er, eins og ég sagði hér, sérstaklega næm fyrir ýmis konar utanaðkomandi breytum. Þegar fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 var lögð fram af meirihlutanum fyrir ári síðan átti að ná að uppfylla skuldareglu sveitarstjórnarlaga á árinu 2018 um að vera með samstæðu borgarinnar undir 150% skuldahlutfallinu. Það er ljóst að það næst ekki miðað við þessa áætlun frekar en annað sem boðað var í síðustu áætlun. Og ég, fólk hefur spurt mig hvernig stendur á því að skiltið sem var birt eins og umferðarskilti með skuldsettustu sveitarfélögum landsins í einhverjum fjölmiðli á dögnum, af hverju var Reykjavíkurborg ekki á því skilti? Af því að Reykjavíkurborg er með skuldugustu sveitarfélögum á Íslandi. Það er vegna þess að Reykjavíkurborg er með undanþágu frá skuldareglu sveitarstjórnarlaga vegna Orkuveitunnar. Annars væri Reykjavíkurborg eins og önnur sveitarfélög þarna einna efst á skiltinu.

Ágætu borgarfulltrúar, ég verð bara að segja það, ég er búinn að taka hér frá þætti eins og samskipti við ríkið, ég er búinn að skoða hér samanburð við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og fara í gegnum þetta allt saman og hvað segir þetta manni? Þetta segir manni það að það er skelfilega staða á rekstri borgarinnar. Það er forgangsröðun fjármuna og þar með verkefna kolröng því skorið er niður í grunnþjónustu en gælt við gæluverkefningun og þrátt fyrir aukningu

skatttekna því það er vissulega aukning skatttekna þarna, umfram annað versnar rekstur Reykjavíkurborgar með þeim slæmu áhrifum sem það hefur á möguleika borgarbúa til að fá eðlilega þjónustu, eðlilega grunnþjónustu.

Það eru næstum þrjú ár til næstu borgarstjórnarkosninga og því langt í að borgarbúar fái tækifæri til að ganga í kjörklefann og gera breytingar á samsetningu borgarstjórnar. Við sitjum uppi með bitlingameirihluta fjögurra flokka. Allir fá sitt eða vilja fá sitt og það kostar skattgreiðendur. Það má ekki rugga bátnum mikið og þar af leiðandi eru erfiðar ákvarðanir ekki teknar í meirihlutanum og jafnvel spurt hvað minnihlutinn ætli að gera þegar kemur að rekstrarhagræðingu. Við þökkum traustið í minnihlutanum en við bendum ykkur á að þið mynduð þennan meirihluta sem er reyndar algjörlega óstarfhæfur þegar kemur að því að taka erfiðar ákvarðanir.

Og ágætu borgarfulltrúar. Ef borgin væri fyrirtæki í þeirri stöðu sem útgönguspá fyrir árið 2015 og fjárhagsáætlun ársins 2016 lýsa þá væri hluthafafundur boðaður í skyndi og skipt um stjórnendur. Þakka ykkur fyrir gott hljóð.

Forseti: Halldór Halldórsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björn Blöndal.

1. mál **Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál **Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020**

S. Björn Blöndal: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að fara af sömu hraðferð inn í framtíðina eins og kollegar mínir hér, borgarstjóri og borgarfulltrúi Halldór Halldórsson hafa gert með því að nýta sér glærur til að skýra mál sitt en þetta er skemmtileg nýbreytni sem er hér að ryðja sér til rúms og gaman að sjá að það sé verið að beita tækninni til að skýra mál sitt.

En við fjöllum nú um aðra fjárhagsáætlun meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata. Sveitarfélögin í landinu glíma nú við að mörgu leyti nokkuð sérkennilega stöðu. Í fljótu bragði virðast ytri skilyrði vera hagfelld. Samt sem áður eru sveitarfélögin mörg hver ef ekki flest í þeirri stöðu að þurfa að hagræða verulega, ekki síst til að mæta miklum launahækkunum sinna starfsmanna, á sama tíma og útsvar hefur ekki aukist í fullu samræmi þó að það hafi aukist nokkuð. Aukinn ferðamannastraumur skilar ekki þeim tekjum sem gera mætti ráð fyrir til sveitarfélaganna, þó að ríkið njóti nokkuð verulegs ábata af því, ríkisvaldið uppfyllir ekki samninga eins og hér hefur komið fram, málefni fatlaðs fólks eru vanfjármögnuð og svo mætti lengi telja. Reykjavík fer ekki varhluta af þessu og fyrir okkur liggur að hagræða verulega til að halda uppi þjónustustigi og jafnvel að bæta þjónustu. Eins og kom fram í prýðilegri, en nokkuð stuttri, ræðu borgarstjóra er óútfærð hagræðingarkrafa um 1,7 milljarðar króna auk þess sem 500 milljónir eiga að nást með auknum tekjum og ljóst að það verður ærið verkefni næstu vikur að ná því heim og saman.

En þá er bara að gera sitt besta, eins og alltaf auðvitað, og nota tækifærið til að skoða sinn gang. Hvað er hægt að gera betur, hvað má betur fara, hvernig nýtum við fjármagnið sem best. Þetta er auðvitað eitthvað sem er í stöðugri skoðun, en þegar kreppir að er gráupplagt að kafa djúpt. Hvernig er með úthlutunarlíkön skóla, með hvaða hætti framkvæmum við viðhald, er styrkjum úthlutað með bestum hætti, hvernig er velferðarþjónustan okkar framkvæmd, er þörf fyrir vinnuskóla, hvað eigum við að miða við mörg börn í leikskóla á fermeter og starfsmann, er húsnæði borgarinnar vel nýtt, af hverju getur frístundastarf ekki farið fram innan veggja skólahúsnæðis, eigum við að bjóða út matarþjónustu, hvar má hagræða í innkaupum, hvað er nauðsyn og hvað er næs o.s.fv.

Þetta vekur allskyns spurningar. Hvar eru áherslurnar? Hvað með lestrarátak, mun læsi til dæmis ryðja skapandi greinum út úr skólunum? Það hefur gerst, það

gerðist í Bandaríkjunum þegar læsisátak George W. Bush leiddi til þess að skapandi greinar, list- og verkgreinar, fóru halloka. Viljum við það?

Kannanir sýna að börnum líður almennt frekar vel í skólum hér í borginni þannig að eitthvað erum við að gera rétt. En þóssum okkur aðeins á ofríki hins mælanlega, eins og ágætur rithöfundur kallaði það í blaðagrein sem ég las fyrir nokkrum misserum. Skapandi greinar eru að mörgu leyti besta tæki sem við höfum til að útrýma misrétti, sköpunarkraftur spyr ekki um kyn, greind, líkamlegt ástand, stétt né stöðu. Þetta er tólið sem við eigum markvisst að nota og virkja því sköpunarkraftur er það sem nýtist öllum í starfi, sama hvaða starfi menn gegna, ef þeir nýta sköpunarkraftinn þá njóta þeir starfsins betur. Það er misskilningur að sköpunarkraftur nýtist bara í listir og menningu. Skapandi hugur er líklegri til að finna bestu lausnirnar en daufur hugur. Þó að það sé mikilvægt að mæla má hið mælanlega ekki beita sköpunina ofríki.

Borgarfulltrúi Halldór Halldórsson fór nokkurn í ræðu sinni um gæluverkefni meirihlutans. Hann tiltók þarna tvö dæmi, annarsvegar um að lýðræðið væri dýrt og hins vegar að borgin væri áköf í að miðla upplýsingum. Önnur gæluverkefni nefndi borgarfulltrúinn ekki, en kannski á hann þar við rekstur leikskóla, tómstundastarf barna og ungmenna, frístundastarf fatlaðra ungmenna, þjónustu við utangarðsfólk, stuðning við menningarstarf, þjónustusamninga við 18 tónlistarskóla eða hvað? Þarna voru orðin stór en dæmin fá þegar gagnrýna á forgangsroðun meirihlutans. Borgarfulltrúinn tiltók heilar meintar 35 milljónir, það var dæmið sem hann gat tekið um meinta soun í þágu lýðræðis í borginni. Reyndar er talan lægri ef ég man rétt en ég geri ráð fyrir að borgarfulltrúi Halldór Auðar Svansson muni leiðrétta það í ræðu sinni hér á eftir.

Auk þess heyrðist mér að borgarfulltrúinn Halldór Halldórsson væri hér að hvetja til þess að aftur væri horfið til þeirrar útbenslustefnu borgarinnar sem hér ríkti um alltof langa hríð. Það eru vondar fréttir, ég var að vona að Sjálfstæðisflokkurinn í borgarstjórn hefði séð það sem eiginlega allir aðrir hafa séð, að þétting borgarinnar og sú stefnubreyting að hætta að þenja hana út í jaðrana sé langbesta leiðin til að auka gæði borgarumhverfisins. Þetta er næstum því eins og að afneita hlýnun jarðar. Og svo er sagt að við séum að tala niður til ungs fólks vegna þess að við viljum ekki brjóta nýtt land í jöðrum borgarinnar og bjóða þar uppá ódýrar lóðir. Þetta er ótrúlega afturhaldssamur málflutningur.

En aftur að fjárhagnum. Samstæða borgarinnar stendur þrátt fyrir allt vel og þar skiptir auðvitað miklu hversu vel hefur tekist til við að rétta við fjárhag Orkuveitu

Reykjavíkur. Það er ánægjulegt að fylgjast með þeim viðsnúningi sem orðið hefur á rekstri þess fyrirtækis og ástæða til að þakka stjórnendum og starfsfólki fyrir góðan árangur og ekki síður borgarbúum sem vissulega hafa tekið á sig auknar byrðar. En svo má auðvitað alltaf spyrja sig hvað er eðlilegt að greiða fyrir þá þjónustu sem þarna er verið að veita og auðvitað er bara verið að gera ráð fyrir ákveðinni lágmarksarðsemi af miðlum fyrirtækisins. En það verður auðvitað að segjastað grunnur þessa árangurs er auðvitað mjög ákveðin og fumlauus viðbrögð fyrri meirihluta hér í borgarstjórn, sem samþykkti umfangsmikla björgunaráætlun sem við þekkjum sem Planið. Hugsunin bak við Planið skilaði frábærum árangri, og nú er tækifæri til að beita sömu aðferðum til að halda öðrum þáttum í rekstri borgarinnar innan þeirra marka sem pólitískar ákvarðanir og ytri skilyrði krefjast.

En að öðru. Mér hefur verið falið af félögum mínum í meirihlutanum eða í oddvitahópi að fara nokkrum orðum um fjárfestingaáætlun sem er auðvitað mikilvægt tól hér í rekstri borgarinnar og hlutur sem fólk hefur áhuga á. Frá því að meirihluti Besta flokks og Samfylkingar tók við stjórnartaumum í borginni ári 2010 hefur Reykjavíkurborg haft þá stefnu að halda uppi öfluggu framkvæmdastigi með skilvirkri fjárfestingarstefnu og því hefur verið haldið áfram af núverandi meirihluta. Við forgangsröðun fjárfestinga hefur verið litið til þess að þær skapi sem flest störf en leiði af sér sem minnstan aukinn rekstrarkostnað og gagnist sem flestum. Málflokkarnir, fagsviðin og fagraðin, hafa gert eða sett fram sínar tillögur og óskir um fjárfestingar og forgangsröðun og síðan hefur það verið borgarstjórnar og borgarstjóra að leggja fram áætlun um hina endanlegu fjárfestingu.

Frumvarpið sem nú er lagt fram að fjárfestingum ber þess reyndar merki að það er reynt eftir fönngum að draga úr fjárfestingum. Því að í núverandi ástandi, þegar hin svonefndu „hjól atvinnulífsins“, hérna myndu einhverjir getað gert gæsalappir, eru komin af stað, þá er rétt að opinberir aðilar dragi heldur úr þensluhvetjandi aðgerðum. En það er nokkuð snúið að draga mjög skarpt úr fjárfestingu sem er farið af stað með, mörg verkefni taka yfir mörg ár og getur verið kostnaðarsamt og í mörgum tilvikum illmögulegt að hætta alfarið við þau verkefni sem þegar er byrjað á eða hægja verulega á framkvæmdahraða. Þegar litið er yfir fjárfestingar í fasteignum sést að nánast engin ný verkefni eru sett af stað og þeim verkefnum sem voru á undirbúningsstigi er ýtt aftar í áætluninni og eins er hægt á verkefnum. Það er til þess að draga úr fjárfestingum, svona sérstaklega þegar miðað er við hugmyndir málaflokkanna um sínar þarfir.

Hvað varðar stofnfjárfestingar í gatnaframkvæmdum þá er Reykjavíkurborg þar að stórum hluta að framkvæma í tengslum við aðra uppbyggingu á vegum einkaaðila. Þær framkvæmdir skila Reykjavíkurborg á móti tekjum í gatnagerðargjöldum og þegar fram líða stundir fasteignagjöldum og margvíslegum öðrum afleiddum ávinningi. Það má segja að þessi tenging dragi einnig nokkuð úr áhættu borgarinnar af að fjárfesta í hverfum sem síðan byggjast ekki upp og það er ekki er farið af stað með gatnagerð á þessum svæðum nema að fyrirsjáanlegt sé að a.m.k. 70% fyrirhugaðrar uppbyggingar fari af stað. En að öðru leyti er um að ræða fjárfestingar til fegrunar og eflingar almenningsamgangna, hjólreiðaáætlun, en flestar þessar fjárfestingar eru til þess gerðar að stuðla að sjálfbærni í borginni, stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda og að þær gagnist sem flestum.

Heildarfjárfestingin er áætluð ríflega 9.200.000 m.kr. og er skipt í fjárfestingar í fasteignum, sem er 3,9 milljarðar rúmir, og aðrar fjárfestingar sem eru 1600 milljónir og fjárfestingar í götum, sem eru um 3,7 milljarðar. Frá þessari heildarfjárfestinginnu dragast síðan áætlaðar tekjur af gatnagerðargjöldum, 4,2 milljarðar rúmir, þannig að fjárfestingin eftir að tekið hefur verið tillit til gatnagerðargjalda er um fimm milljarðar. Og það er gert ráð fyrir að fjármagna allt að 40% af þeirri upphæð með lánsfé eða um 2.000.000 m.kr.

Það var ákveðið að endurskoða verklag við Betri Reykjavík þannig að íbúakosning um framkvæmdir í hverfum, hún verður nú færð til þannig að betri tími gefist til undirbúnings þeirra framkvæmda sem kosið er um og því ekki framkvæmt sérstaklega í því verkefni í sumar, kosningar eða hugmyndasöfnun fer fram nú í haust.

Á menningar- og ferðamálsviði er stærsta einstaka framkvæmdin viðbygging við Grófarhús sem er Borgarbókasafnið. Það er nauðsynlegt að fylgja uppbyggingu á nærliggjandi lóð en að öðru leyti er gert ráð fyrir að hægja á þeim framkvæmdum. Annað stórt verkefni sem tengist menningar- og ferðamálasviði er auðvitað menningarmiðstöð í Úlfarsárdal sem er inni á fimm ára áætlun en íbúar þar eru náttúrulega orðnir óþreyjufullir eftir uppbyggingu.

Á skóla- og frístundasviði er að sama skapi stærsta framkvæmdin í Úlfarsárdalnum, uppbygging skóla þar, og þar á eftir er Klettaskóli í Öskjuhlíðinni, gríðarlega umfangsmikil og brýn framkvæmd sem auðvitað þarf að klára sem allra fyrst. Viðbygging við Vesturbæjarskóla hafin af fullum krafti og síðan er haldið áfram með endurgerð skóla- og leikskólalóða en þar er aðeins hægt á

miðað við síðustu ár.

Íþrótta- og tómstundasvið, þar er stærsta framkvæmdin Sundhöllin í Reykjavík sem er ágætis dæmi um verkefni sem myndi vera kostnaðarsamt að fresta. Framkvæmdir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru hinsvegar færðar aðeins til, aftar í fimm ára áætlun, og eins framkvæmdir í Laugardalshöll.

Nú, það er unnið heildaryfirliti um óskir og þarfir íþróttafélaganna í heild sinni en því miður er ljóst að væntingar í þessum málaflokki eru miklar og ekki verður unnt að koma til móts við allar óskir þar en það verður leitast við að sinna albrýnustu fjárfestingum í þessum geira á næstu árum og meðal annars þarf hugsanlega að skoða breytingar á áætlunum næstu ára í tengslum við mikla umræðu um ástand á gervigrasvöllum félaganna.

Hvað varðar velferðarsvið, þá er fyrst og fremst hugað að áframhaldandi uppbyggingu búsetukjarna. Töluvert há upphæð fer til viðhalds eða þess sem er kallað meiriháttar viðhaldsframkvæmdir. Hinsvegar er í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir að draga úr þessum svokölluðu meiriháttar viðhaldsframkvæmdum þar sem svigrúm muni skapast í rekstrinum til auka hefðbundið gjaldfært viðhald.

Fjárfestingar í áhöldum og tækjum eru að stofni til í upplýsingatækni, þá bæði hugbúnaði og tækjabúnaði. Hér er verið að leggja áhersla á frekari rafræna stjórnsýslu en það er ljóst að þar eru mikil tækifæri til sparnaðar í framtíðinni. Hér kemur einnig inn nýr liður sem er endurnýjun götulýsingar í borginni en Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir því að endurnýja alla götulýsingu í ljósastaurum og að einhverju leyti líka endurnýjun stauranna en lýsingin er orðin úrelt og margir staurar farnir að tærast. Þarna er verið að vinna í samræmi við reglur sem gilda á evrópska efnahagssvæðinu en hér skapast um leið gríðarlegt tækifæri til að hefja svokallaða snjallvæðingu borgarinnar með markvissum hætti því ljósastaurar og þerur geta gegnt fjölpættara hlutverki en vera bara þarna og lýsa í myrkri. Það er hægt að búa þannig um hnútana að bæði þeir staurarnir og þær þerurnar geti aflað og miðlað upplýsingum til vegfarenda og fyrstu skrefin verða stigin í markvissri snjallvæðingu nú á næstunni á ég von á, sem mun auka hagkvæmni í rekstri borgarinnar á fjölmörgum sviðum til muna. Þessi þróun verður að því að ég held og það sem flestir telja, að þessi þróun verði mjög hröð á næstu árum og borgarbúar og gestir munu njóta þess á margvíslegan hátt. Ágætis dæmi, lítið og tiltölulega ódýrt dæmi, eru skynjarar í bílastæði sem hefur verið rætt um að koma fyrir í miðborginni sem gerir það að verkum að ökumenn geti með einföldum hætti fengið yfirsýn yfir hvar er mögulegt að leggja bíl. Þá eru

miklir möguleikar varðand sparnað á orku og fleiri þáttum í þessu. En snjallvæðing borgarinnar er mjög mikilvægt umhverfismál og hjálpar okkur að vinna gegn meðal annars loftslagsmengun.

Helstu fjárfestingar sem tengjast götum eru forgangsreinar strætó. Nú liggur fyrir áætlun um forgangsreinar og er unnið að deiliskipulagsbreytingum vegna þeirra en forgangsreinar hjálpa, eru gríðarlega mikilvægar fyrir almenningssamgöngur og eru þess vegna hluti af áætlunum um að auka hlut almenningssamgangna í ferðum borgarbúa og gesta. Þessar forgangsreinar stytta ferðatíma og spara auk þess verulega fjármuni við rekstur vagna. Og hvað varðar götur og samgöngur, þá er hjólreiðaáætlun og endurbætur á gönguleiðum auðvitað gríðarmikilvægur þáttur. Þetta stuðlar allt að umhverfissvænni og heilsusamlegri borg. fleira sem má nefna í þessu samhengi eru gönguleiðir skólabarna sem er ætlað að auka öryggi. En í gatnaframkvæmdum eru áherslur mjög grænar og það er jákvætt að það skuli vera svona einhugur um það.

Varðandi framkvæmdir í miðborginni þá er rétt að geta þess að það er unnið að endurgerð Smiðjustígs og Hafnarstrætis. Eins er gert ráð fyrir að endurgera Geirsgötu en þetta eru allt framkvæmdir á vegum borgarinnar í tengslum við uppbyggingu. Endurgerð torga ásamt endurgerð Frakkastígs hefur hins vegar verið ýtt aftar í framkvæmdaröðinni ásamt lokakafla Hverfisgötu en þetta er í sjálfu sér gert til að lækka heildarfjárfestinguna.

Í gatnahlutanum er síðan gert ráð fyrir að um helmingur fyrirhugaðrar fjárfestingar verði í nýbyggingahverfum, í Vogabyggð, Úlfarsárdal og á Hlíðarenda. Einnig að hafist verði handa í Elliðavogi en þar er nú að hefjast vinna við deiliskipulag byggt á samkeppni um rammaskipulag sem lauk á þessu ári. Þarna er ég að sjálfsögðu að tala um fimm ára áætlun. Áætlun í nýbyggingahverfum gæti tekið nokkrum breytingum en um sum svæðin er enn nokkur óvissa og þá er ég helst að tala um Hlíðarendasvæðið þar sem ríkið hefur ekki enn staðið við gerða samninga um lokun þriðju brautarinnar. En eins og áður segir þá tengist áætlun nýbyggingahverfa tekjuáætlun gatnagerðargjalda svo ef að dregur úr fjárfestingum á þessum svæðum, þá má gera ráð fyrir minni tekjum af gatnagerðargjöldum og til framtíðar auðvitað myndi borgin missa af miklum tekjum í fasteignagjöldum, þannig að þarna auðvitað höfum við hagsmuni af því að framkvæmdir sem búið er að fara í dragist ekki um of.

Varðandi sölu eigna, sem gert er ráð fyrir að skili liðlega 620 m.kr. hagnaði á árinu, þá er gert meðal annars ráð fyrir að selja Síðumúla 39 sem hýsti til

skamms tíma þjónustumiðstöð fyrir íbúa Laugardals og Háaleitis en sú starfsemi hefur nú verið færð í hús Ríkisútvarpsins að Efstaleiti. Það eru uppi áform um að selja hluta af byggingum á Gufunesi sem áður hýstu Áburðarverksmiðju en Reykjavíkurborg festi kaup á því húsnæði, húsnæði Áburðarverksmiðjunnar, fyrir einum tíu, tíu tólf árum, og síðan eignaðist borgin það land ásamt Geldinganesi, keypti það af höfnunum, Faxaflóahöfnum, og styrkti í sjálfu sér stöðu sína til að skipuleggja þetta svæði til framtíðar. En sú starfsemi sem er á svæðinu núna er víkjandi og gert ráð fyrir að hún verði í sjálfu sér orðin nokkuð önnur 2030. Nú, það er gert ráð fyrir að selja Alliance húsið sem stendur við Grandagarð 2, stundum kallað Ellingsen húsið líka. En það var keypt ásamt lóðaréttindum 2012 og þar skapaðist einstakt tækifæri til þess að skipuleggja lóðina betur auk þess sem búið er að gera húsið upp af myndugleik.

Og þá er ónefnt Farsóttarhúsið að Þingholtsstræti 25. Þar var lengi rekið gistiskýli fyrir útigangsmenn, eða frá árinu 1970. Það var flutt í mun betra og heppilegra húsnæði, sú starfsemi og því liggur fyrir að selja þetta sögufræga hús en þar er unnið að breytingu á deiliskipulagi og þetta verður auglýst til sölu um leið og það liggur fyrir. Nú, hér eru auðvitað ekki taldar upp allar eignir heldur aðeins svona stiklað á stóru í þessu.

Varðandi sölu byggingarréttar, þá er gert ráð fyrir að hann nemi tæplega 2,4 milljörðum. Þarna er um helmingur vegna sölu á byggingarrétti atvinnuhúsnæði. Lóðir við Gylfaflöt, við Hádegismóa, við Lambhagaveg, við Mjódd, við Suðurlandsbraut og á Hólmsheiði. Um flestar þessar lóðir er búið að gera deiliskipulag eða er í vinnslu, þannig að þetta á nú að vera raunhæft mat. Og einnig erum við að sjá fyrir okkur að deiliskipulag á Kirkjusandi, það er tilbúið til auglýsingar, þar rís blönduð byggð, og svo fyrrnefnd uppbygging í Vogabyggð.

Það er gert ráð fyrir að gatnagerðargjöld verði innheimt fyrir rúmlega 4,2 milljarða og þar eru, já. En það er auðvitað ljóst að það er mikil uppbygging framundan í Reykjavík og mörgum ljóst að höfuðborgin gegnir lykilhlutverki í hagvexti landsins og er mikilvægur, einn mikilvægasti drifkrafturinn í hagvextinum. Fjárfestingar Reykjavíkurborgar er auðvitað mjög lítil hluti í þessu heildarsamhengi. En borgin hefur reynt að ná ákveðinni yfirsýn yfir allar framkvæmdir einkaaðila og reynir eftir föngum að vera í góðu samstarfi við þá sem standa að uppbyggingu, sem og greiningardeildir ýmsar, til að ná þessari heildaryfirsýn. En það er mikilvægt að allir leggist á eitt til þess að allar áætlanir gangi eftir og eins að bregðast við ef það koma upp ófyrirséðar aðstæður eins og vegna minja, hvort sem þær eru

nýlegar eða fornar, nýminjar eða fornminjar, eða einhverjar aðrar orsakir sem kunna að hefja framkvæmdir. En þá er mikilvægt að allir aðilar komi saman og bregðist við með fuðlausum og skjótum hætti því tafir eru auðvitað kostnaðarsamar og hafa töluverð áhrif.

Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Eins og kom fram í þrjúgðsgóðri ræðu en stuttri borgarstjóra þá er Reykjavík sá staður sem er hagstæðast fyrir fjölskyldufólk að búa á. Í Reykjavík er forgangsraðað í þágu fjölskyldna. Það er forgangsraðað í þágu sköpunarkrafts, og það er forgangsraðað í þágu nútíðar og framtíðar. Reykjavík er spennandi staður, staður sem fólk vill búa, og ekki síður heimsækja og með síauknum áhuga gesta þarf að huga að samskiptum og samspili gesta og íbúa. Í miðborginni eru þessi verkefni orðin fyrirferðarmikil og í fleiri hverfum borgarinnar mun ásókn aukast. Þetta er eitt nærtækasta dæmið um tækifæri sem jafnframt felur í sér mikla áskorun. Þannig er það með ýmislegt í rekstri þessarar borgar, en þetta er svona hálfgerð lúxusvandamál. Það væri sérkennilegt að væla yfir vinsældum en við þurfum að finna leiðir til þess að skapa betra jafnvægi milli þeirrar þjónustu sem við veitum og tekna sem koma inn af þessari þjónustu.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki borgarinnar kærlega fyrir þá miklu vinnu sem farið hefur í gerð fjárhagsáætlunarinnar. Áætlunin er nú unnin á mun lengri tíma en áður, við byrjum eiginlega strax aftur í janúar að undirbúa áætlun næsta árs og erum í sjálfu sér byrjuð nú þegar. Og af því tilefni vil ég sérstaklega þakka starfsfólki fjármálaskrifstofu fyrir sitt góða starf og þau hafa komið því svo fyrir að það líður ekki sú vika í starfi borgarinnar lengur að þau séu ekki ofarlega í hugum okkar og það er auðvitað mjög gott mál. En ég segi bara: Reykjavík er málið og burtséð frá öllum bölbænum þá erum við vissulega í nokkuð snúinni stöðu en við höfum góða og skynsamlega áætlun til að bregðast við tímabundnum erfiðleikum og það munum við gera. Saman. Takk fyrir kærlega.

Forseti: Björn Blöndal borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þá tekur Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir borgarfulltrúi næst til máls.

- 1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir: Forseti, borgarstjóri og borgarfulltrúar. Nú hafa nokkrir borgarfulltrúar farið yfir fjárhagsáætlunina og fimm ára áætlunina. Borgarstjóri fór vel yfir þetta sem við fengum afhent á fimmtudaginn og borgarfulltrúi Halldór Halldórsson hefur alveg lýst því hvernig reksturinn hefur gengið síðustu árin og borgarfulltrúi S. Björn Blöndal farið yfir fjárfestingarnar þannig að ég ætla nú ekki að endurtaka það, ekki mikið að minnsta kosti, sem hér hefur verið sagt. En það er gert ráð fyrir að í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun verði algjör viðsnúningur í rekstri borgarinnar. Við vitum það að útkomuspáin núna 2015, hún lofar ekki góðu þannig að vonandi tekst þetta en það á ennþá eftir að hagræða töluvert til þess að þetta gangi allt saman upp.

Eins og við vitum, þá er markmið fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar að grunnrekstur a-hluta verði sjálfbær en með því skapast þá svigrúm til fjárfestinga og dregið verður úr þörf fyrir skuldsetningu. Til að það gangi upp þarf að hagræða, það þarf að spara, það þarf að draga úr launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði. Það er gert ráð fyrir því að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs verði neikvæð á árinu 2016 með sömu þróun til ársins 2020. Þrátt fyrir þær aðgerðir sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, þá kemst ekki jafnvægi á rekstur aðalsjóðs. Viðvarandi hallarekstur aðalsjóðs er áhyggjuefni, útgjöld, skatttekjur og þjónustutekjur standa ekki undir útgjöldum í málaflokkunum miðað við hvernig aðalsjóðurinn hefur verið rekinn. Við vitum það að í a-hlutanum er halli aðalsjóðs veginn upp með batnandi afkomu eignasjóðs. Það er gert ráð fyrir því að hagræðingarkrafan verði útfærð milli umræðna, eins og ég sagði áðan, og það þarf að leggja töluvert í þá vinnu og finna hvernig það á að vera gert.

Í aðgerðaáætlun er sett markmið um að rekstrarniðurstaða a-hluta verði jákvæð allt tímabilið 2016-2020 en rekstrarniðurstaðan er mjög viðkvæm fyrir þróun innri og ytri óvissuþátta þessi ár, þ.e. árin 2016-2017. Þessi ár er niðurstaðan jafnframt borin upp í töluverðum mæli af tekjum og söluhagnaði, það er að segja sölu byggingarréttar þar sem gert er ráð fyrir 2,4 milljörðum og öðrum einsskiptis tekjum en sala eigna er gert ráð fyrir 620 milljónum og tekjur af gatnagerðargjöldum verði 4,2 milljarðar.

Á bls. 10 í greinargerð með fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun kemur fram með leyfi forseta að árið 2016 snýst þessi þróun við en þá er gert ráð fyrir stórauknum

fjárfestingatekjum sem nema alls 7,6 milljörðum króna og eru umfram veltufé frá rekstri. Fyrri hluti tímabilsins 2016-2020 eru rekstrarniðurstaða og sjóðsstreymi a-hluta töluvert háð fjárfestingatekjum en árið 2016 er rekstrarniðurstaða a-hluta til að mynda 567 milljarðar króna og því má lítið út af bera til að markmið aðgerðaáætlunar raskist. Tilvitnun lýkur. Þannig að það má lítið út af bera og það verðum við að hafa í huga og hvernig við á að bregðast ef að svo fer. Það hlýtur að vera markmiðið að koma aðalsjóði á núllið. Fyrir en það tekst, þá hefur ekki tekist að taka til í rekstrinum. Það er gert ráð fyrir því í áætluninni að aðalsjóður verði rúma 5,7 milljarða í mínus á árinu 2016 en eignasjóðurinn í 6,2 milljörðum í plús. Þannig að það er eignasjóðurinn sem heldur aðalsjóðnum uppi eins og venjulega og hvað hefur það í för með sér? Jú, það hefur það í för með sér að það er ekki hægt að viðhalda eignum borgarinnar með þeim hætti sem vera ber.

Það verður að forgangsraða fjármunum þegar fjárhagsstaðan er með þessum hætti. Það verður að forgangsraða í þágu grunnþjónustunnar, skóla- og velferðarmála og grunnþjónustu við aldraða og fatlaða í borginni. Við vitum það að bara núna í september, í byrjun september, var ekki til peningur til þess að taka inn 60 börn fædd í mars 2014 en það kostaði 42 milljónir á ársgrundvelli. Í lok sumars voru peningarnir búnir í stuðningsþjónustunni og það var þriðjungur á biðlista og það vantaði 208 milljónir upp á. Þetta eru verkefni sem skipta máli. Þetta eru forgangsverkefnin sem við verðum að huga að. Og eins og ég sagði áðan, á meðan að eignasjóðurinn er að halda aðalsjóði uppi, þá hefur það þær afleiðingar að eignasjóður nær ekki að sinna hlutverki sínu, meðal annars að viðhalda eignum borgarinnar.

Það verður að hagræða, það verður að draga úr launakostnaði og launakostnaður er núna 55% af tekjum borgarinnar. En þrátt fyrir það fjölgar stöðugildum og þetta er eitthvað sem þarf að skoða á milli umræðna þegar það er tekið til skoðunar hvernig á að hagræða í rekstrinum. Samstæðan er í plús og þar er það aðallega Orkuveitan sem heldur þessu uppi og Félagsbústaðir en eins og við vitum, þá er staða og rekstur Orkuveitunnar sem hefur umtalsverð áhrif á fjárhagsstöðu samsteypunnar þar sem efnahagur Orkuveitunnar nemur 60% af heildarefnahag. Borgin treystir á Orkuveituna, borgin treystir því að arðgreiðslur byrji að berast frá Orkuveitunni á árinu 2018.

Þegar arðgreiðslurnar byrja að berast, þá verður allt í góðu lagi. En það má ekki hugsa þannig og við verðum líka að huga að því að útsvar er í toppi í Reykjavík og við Reykvíkingar, við erum búin að bera af birgðum okkar skuldir

Orkuveitunnar með hækkandi gjöldum sem við höfum verið að greiða til Orkuveitunnar. Og það er ekki eðlilegt að við borgarbúar fáum ekki neitt af því til baka. Það þarf að lækka reikninga almennings sem tóku á sig auknar byrðar hjá Orkuveitunni. Ég vil þakka starfsfólki borgarinnar, sviðum og ráðum, þessa vinnu, og ég vil ítreka að takmarkinu verður ekki náð fyrr en við erum komin með aðalsjóðinn á núll.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir lokið máli sínu og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir næst á mælendaskrá.

- 1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að þakka fjármálaskrifstofu og starfsfólki borgarinnar og öllum þeim sem komu að fjármálum og bara almennt að forgangsröðun borgarinnar, verkefnum og fjármunum, fyrir óeigingjarnt starf í þágu þess plaggs sem nú hefur verið lagt fram hér. En hér gefur að líta sum sé frumvarp að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2015 og fimm ára áætlun fram til ársins 2020. Félagar mínir í meirihlutanum hafa gert ágætlega grein fyrir þessu efnislega, háttvirtur borgarstjóri fór yfir rekstur a- og b- hluta og Björn Blöndal borgarfulltrúi fór yfir framkvæmdaáætlunina. Sjálf mun ég því ekki að hafa þetta langt hér í dag, ég hef litlu við að bæta svona í fyrri umræðu en mun leggja pólitískari línur þegar við samþykkjum endanlega áætlun í byrjun desember, enda eiga væntanlega talsverðar breytingar eftir að eiga sér stað fram að því.

Ég verð þó aðeins að leggja orð í belg, sér í lagi eftir ræðu Halldórs Halldórssonar borgarfulltrúa en sá borgarfulltrúi, sem er jafnframt er formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og ætti þess vegna að hafa ágætlan skilning á stöðu borgarinnar í ljósi þess en undir hans forystu hafa verið gerðir nauðsynlegir og ágætir kjarasamningar sem hafa kostað sveitarfélögin í landinu skildinginn. Ég sé ekki eftir þeim peningum en mér finnst ekkert sérstaklega sanngjarnt að fá á mig skammir fyrir ábyrgðarleysi við slíkar aðstæður og úr þeirri átt. Enn síður finnst mér viðeigandi að borgarfulltrúi tali um meirihluta borgarstjórnar sem óstarfhæfan bitlingameirihluta sem einblíni fyrst og fremst á gæluverkefni. Ekki bara gera slík stóryrði lítið úr okkur hér á vettvangi borgarstjórnar, heldur er þessi lýsing beinlínis röng.

Meirihluti Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata er þvert á mótí hópur fólks sem leggur sig fram um að vinna í sátt og samlyndi að því að reka Reykjavíkurborg með ábyrgum hætti. Við höfum verið og við erum ennþá að því að vinna að því að aðlaga reksturinn að breyttu kjaraumhverfi og breyttum aðstæðum í samfélaginu, við erum að vinna að því að tryggja hér áfram áframhaldandi gott og öflugt starfsumhverfi og að þjónusta borgarinnar verði eins góð og hugsast getur. Áherslur okkar snúa að fagstarfi í leikskólum, að grunnskólum og frístundaheimilum, að velferðarkerfið sé traust og til staðar fyrir alla borgarbúa, að borgin haldi áfram að þéttast með tilheyrandi áhrifum á samgönguhætti, losun gróðurhúsalofttegunda og grósku í mannlífi á götum og í opinberu rými. Þess vegna þurfum við líka að leggja áherslu á aukið lýðræði og

efld mannréttindi og að styrkja við blómstrandi menningarlíf, bæði í þágu Íslendinga og þeirra sem hingað koma.

Meint gæluverkefni meirihlutans snúast um það sem meirihlutinn var myndaður um. Um friðsælt, réttlátt og frjálst samfélag þar sem allir sitja við sama borð og lúta sömu leikreglum. Um virðingu fyrir öllu fólki, fyrir komandi kynslóðum og náttúrunni og verkefnin snúast ekki síst um að það sé ekki bara okkar vilji sem gildi heldur viljum við efla lýðræðið. Það kann að vera að borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson, eigi erfitt með að skilja þessi verkefni sem mikilvæg og í þágu samfélagsins og Reykvíkinga. Það verður að hafa það. Þetta eru þær áherslur sem lagt var upp með þegar meirihlutinn var myndaður, þetta eru áherslur sem við trúum að komi til með að gera gagn fyrir alla Reykvíkinga og að þeim munum við vinna. Í þessari fjárhagsáætlunargerð og öðrum þeim fjárhagsáætlunum sem við eigum eftir að leggja fram hér sem meirihluti.

Ég er stolt af því að vera hluti af meirihluta sem tekur á þessum málum með ábyrgum hætti og ég vildi óska þess að borgarfulltrúar minnihlutans, og þá sérstaklega Sjálfstæðisflokksins, legðu okkur meira lið í þeirri vinnu sem við höfum verið að vinna og er framundan og vonast svo sem til að svo verði. Að öðru leyti vil ég ítreka þakkir til þeirra sem komið hafa að gerð þessarar áætlunar, samstarfsfólks míns í meirihlutanum, annarra úr minnihlutanum svo sem líka og hlakka til að halda áfram að aðlaga þetta plagg að því sem endanlega verður samþykkt hér í byrjun desember.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu og borgarfulltrúi Halldór Auðar Svansson næstur á mælendaskrá.

- 1. mál Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016; fyrri umræða**
2. mál Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2016-2020

Halldór Auðar Svansson: Forseti og borgarstjórn. Þetta er í fyrsta sinn á minni ævi sem ég tek þátt í fyrri umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, ég var fjarverandi í fyrra og félagi minn, borgarfulltrúinn Þórgnýr Thoroddsen tók þann bolta fyrir mig. Borgarstjóri hefur farið ágætlega yfir stóru línurnar og eins og aðrir hafa bent á er ýmislegt óútfært, sérstaklega hvað varðar hagræðingaraðgerðir. Það eru tölur en nánari útfærsla bíður síðari umræðu, verður útfært milli umræðna.

En það er nú ekki þar með sagt að það hafi engin vinna verið unnin í því, það er nú síður en svo. Það hefur verið fundað stíft og sérstaklega skóla- og frístundasvið hefur sett fram mjög metnaðarfullar hugmyndir um hagræðingu sem gæti orðið öðrum og verður væntanlega öðrum sviðum fyrirmynd og það hefur verið leitað samstarfs víða og fulltrúar allra flokka í borgarráði hafa til dæmis haldið starfsdaga og ýmsu verið velt upp. Þetta er allt einfaldlega á því stigi að það á bara eftir að velja út hvað er nógu sársaukalaust og hvað er nógu skynsamlegt til þess að rata á blað. Þannig að við skulum og verðum bara að vona það að þessar metnaðarfullu hugmyndir um viðsnúning í rekstri nái fram að ganga. Það er mjög mikilvægt og allir sammála um það. Og þó svo að það megi fara, eins og hefur verið gert kannski hér, fara aðeins ofan í ástæður þess að við erum með hallarekstur og svo framvegis, þá er það kannski ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er staðan sem maður stendur frammi fyrir og hvað er gert í henni.

Á þessum tíma mínum hér í borgarstjórn hefur maður verið að læra ýmislegt og upplifa sitthvað og læra bæði hvernig kerfið hér virkar, hvernig kúltúrinn virkar og svona hvernig samskiptin eru og hvernig pólitíkin er. Hún er stundum góð og stundum slæm, stundum vit í henni og stundum ekki. Og svo eru svona frasar sem mér finnst mismikið vit í og beitt af mismiklu viti. Sumir ansi staðlaðir og merkingarlitir. Eitt af því eru þessi svokölluðu gæluverkefni. Venjulega er það notað í því samhengi að það er eitthvað sem kostar sem einhverja tugi milljóna, fáeina, og eitthvað sem er algjörlega tilgangslaust og ekki hluti af grunnrekstrinum og eitthvað sem „ég“, sá sem talar sko, talar og gagnrýnir gæluverkefni manna, eitthvað sem „ég“ myndi nú aldrei standa fyrir af því að „ég“ myndi bara vera í grunnrekstri, það þarf að forgangsraða í þágu grunnrekstrarins og við erum að missa hérna mikilvæg verkefni út af þessu og þessu verkefni.

Borgarfulltrúinn Halldór Halldórsson taldi nú ekki upp mikið í því samhengi, hann nefndi eiginlega aðallega fyrst og fremst ráðið sem ég veiti formennsku, nefndi þar allt að 35 milljónir. Það er mér skylda eiginlega aðeins að útskýra það og leiðrétt og vísa til aukafundar í borgarráði sem við höldum á laugardaginn þar sem var farið ítarlega yfir þetta, ég veit ekki hvort borgarfulltrúinn Halldór Halldórsson fylgdist þar eða hlustaði nógu vel á mínar útskýringar og útlistanir en við getum kannski rætt það á eftir líka, honum er líka frjálst að senda mér póst til að fara yfir þessar tölur eða hvernig sem hann vill ræða það og fá á hreint og ég vil náttúrulega í fyrsta lagi nefna að þetta er frumvarp, þetta er ekki lokakostnaður, ég held að eðlilegra væri kannski að miða við kostnað sem fram hefur komið á þessu ári til að sjá rauntölur. En rétt tala er semsé að kostnaður fyrir ráðið á þessu ári, launakostnaður, hefur verið um 17 milljónir. Annar kostnaður kannski um 100.000. Fjármálasviðið var að áætla þetta mjög ríflega út frá öðrum sviðum eða öðrum ráðum, var að reikna þarna inn í aðkeypta vinnu og ferðakostnað sem hefur verið mjög lítill í okkar ráði. Og eins og ég segi, þetta hefur allt komið fram. Þarna er líka greinilega lagður við kostnaður við þennan erindreka gagnsæis og samráðs, laun hans kosta um tíu milljónir á ársgrundvelli. Þetta er auðvitað starfsmaður ráðsins en líka starfsmaður skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og sinnir þar ýmsum verkefnum og það er hluti af meirihlutasáttmálanum og hluti af áherslum Pírata kannski sérstaklega að stofna slíkt embætti.

Það má alveg gera lítið úr störfum viðkomandi og kalla þetta gæluverkefni ef fólk vill, það er þá bara skoðun. Ég er ósammála henni. Gæluverkefni, stundum hefur tilfærsla á styttnum verið kölluð gæluverkefni, það sé svo asnalegt. Ég heyrði það til dæmis á Útvarpi Sögu, þar var fulltrúi Sjálfstæðisflokksins sem talaði um tilfærslu á styttnum, eina tilfærslan á styttnu sem ég man eftir á þessu kjörtímabili er tilfærslan á styttnu af Einari Benediktssyni sem nú er komin á Höfða. Það er tillaga sem borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði lögðu fram og var samþykkt. Það var tekið ágætlega í þetta. Heildarkostnaður við þetta er um 15 milljónir sem er svipað og launakostnaður fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð verður á næsta ári vegna þess að að mínu frumkvæði hefur það verið fært úr flokki 1 niður í flokk 2 til að minnka launakostnaðinn af því að ég taldi eðlilegt að það ætti heima í flokki 2.

Það má reyndar nefna að helmingurinn af kostnaðinum við þessa styttnutilfærslu var fjármagnaður af einkaaðilum sem höfðu frumkvæði að þessari hugmynd en það kannski breytir ekki öllu. Þetta eru 15 milljónir af peningum sem einhverjir

myndu kannski segja að hefðu betur átt að fara til gamla fólksins eða fatlaðra en í heildarsamhenginu; hvað erum við að tala um mikinn rekstur hjá borginni? 90 milljarða í heildarútgjöld? Ég held að það sé rétt tala. Svo erum við að kalla gæluverkefni sem einhver annar, meint, er með, upp á einhverja fáeina tugi milljóna, sem er ca. 1/1000 af þessu, sem eitthvað lykilatriði sem við ætlum að vera að bítast hér um í þessum sal. Og það skiptir mjög miklu, tillaga um að þetta eina tiltekna gæluverkefni sé ekki. Ég myndi kannski skilja það ef fólk kæmi hérna og teldi upp 100 gæluverkefni sem þættu ómerkileg, þá erum við kannski að tala um eitthvað sem skiptir máli í stærra samhengi. En svo er víst ekki.

Borgarfulltrúinn Halldór Halldórsson nefndi líka þá staðreynd að tillaga sjálfstæðismanna um opið bókhald hefur ekki ennþá verið útfærð, það er auðvitað rétt og mér finnst það ekki hin besta staða en þarna er sleppt því að innan stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, reyndar hefur aðalvinnan, svo því sé haldið til haga, farið fram hjá fjármálaskrifstofu en að frumkvæði ráðsins og undir eftirliti ráðsins verið unnin aðgerðaáætlun eða kostnaðar- og aðgerðaáætlun um hvernig á að útfæra þetta. Ekki bara rafræna gagnagátt heldur verklag um opin gögn almennt. Þetta var samþykkt hér í þessum sal þann 15. september einróma. Borgarstjórn sammæltist um eftirfarandi bókun af því tilefni, með leyfi forseta:

Borgarstjórn fagnar því að vinna við innleiðingu rafrænnar gagnagáttar um fjármál Reykjavíkurborgar sé komin á þann stað að fyrir liggi tímasettar og kostnaðarmetnar tillögur um hvernig standa eigi að henni, sem og opnun gagna borgarinnar almennt. Málið á rætur sínar að rekja til tillögu Sjálfstæðisflokksins sem samþykkt var einróma á fundi borgarstjórnar 2. október 2012 en á þessu kjörtímabili hefur því verið fylgt eftir í stjórnkerfis- og lýðræðisráði. Gagnsæi í rekstri borgarinnar hjálpar til við skilvirka stjórn hennar sem og gefur almenningi færi á að veita henni aðhald og er því mikilvægur liður í þeirri rekstrarhagræðingu sem borgin stendur frammi fyrir. Tillögurnar eru jafnframt í fullu samræmi við það markmið um opin gögn sem finna má í nýrri upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarráði á fundi þess þann 9. júlí síðastliðinn. Mælst er til að fjármálaskrifstofa leiti leiða til þess að inna verkefni sem skapast vegna tillagnanna af hendi með sem hagkvæmustum hætti.

Þetta er semsagt það ferli sem það mál er í og borgarstjórn hefur sammælt um og er í höndum fjármálaskrifstofu og ég vænti þess að öllum borgarfulltrúum sé fullkunnugt um. Annars eru þeir ekki að sinna sinni vinnu að mínu mati og ef það þarf að veita skrifstofunni eitthvert aðhald hvað þetta varðar, þá er ég boðinn og búinn að gera það en minni náttúrulega á að það er hlutverk okkar allra og hlutverk okkar vinnu að fylgja eftir svona tillögum.

En já, að áætluninni sjálfri, þá er þarna ýmislegt, sérstaklega í ágætu skjali sem er greinargerðir fagsviða og b-hlutafyrirtækja. Borgarfulltrúinn Sigurður Björn

Blöndal kom inn á það að nokkru leyti, áherslur sem eru þar um upplýsingamál, upplýsingakerfi. Hann nefndi þar sérstaklega snjallborgarverkefnið. Snjallborg eða smart cities er aðferðafræði sem gengur út á að virkja upplýsingatækni og upplýsingamiðlun til þess akkúrat að reyna að hagræða og finna svona sniðugar lausnir sem bæði einfalda rekstur og spara og hjálpa til við upplýsingamiðlun. Það var lögð fram áfangaskýrsla starfshóps um snjallborgir í borgarráði 22. október og þá voru nefndar tillögur að nokkrum tilraunaverkefnum sem væri mögulegt að fara í á næsta ári. Það er lýsing í borginni. Eins og hér hefur verið komið inn á þá stöndum við frammi fyrir að þurfa að endurnýja lýsingu hér og þar og þarna erum við að tala um svona tölvustýringu skilst mér þar sem lýsingin getur kannski miðast að aðstæðum, það kviknar þegar fólk er nálægt og þannig spararðu lýsinguna. Svo er það tilraunaverkefni með skynjara í bílastæðum, að fólk geti séð þegar bílastæði eru laus og þegar það er fullt. Það sé bara skynjari í hverju stæði sem mælir þetta og lætur fólk vita. Og snjallar ruslafötur, ruslafötur sem láta vita þegar þær eru fullar og hver staðan á þeim er. Það náttúrlega sparar kostnað við að fara á milli, þú ferð ekki fyrr en hún er full. Og ýmislegt fleira í þessu, þetta er spennandi.

Auk snjallborgarverkefna, þá er komið inn á að á næsta ári er fyrirhugað að fara í útboð á nýju skjalakerfi sem er bráðnauðsynlegt verkefni. Það er nokkuð úrelt þetta rafræna skjalakerfi sem við erum með og stendur okkur nokkuð fyrir þrifum. Það býður upp á takmarkaðan rekjanleika skjala og mála og erfitt að birta þetta út á vefnum þannig að ég fagna því mjög að þetta sé inni í áætlun og séu teknir frá peningar í þetta af því að ég held að þetta muni koma til með að spara mjög mikla fyrirhöfn og tíma þegar upp er staðið. Og styðja við ýmislegt annað eins og innleiðingu upplýsingastefnunnar og skjalastefnu og þjónustustefnu. Það eru þessi atriði sem ég, ekki bara af því að ég er mikill tölvumaður og menntaður á því sviði, heldur vegna áherslu míns flokks sem ég tel að séu mjög mikilvæg forgangsatriði og hef reynt að halda á lofti, að það sé farið dálítið ofan í grunninn hvað þetta varðar og skipt út því sem þarf að skipta út og gerðar þær breytingar sem þarf að gera og þar þarf að byrja á byrjuninni, hvaða kerfi það eru sem liggja neðst.

Og þar má náttúrlega harma það að sumt sem maður hélt að yrði búið að gera núna er ekki búið að gera og ég hef til dæmis þegar ég hef verið spurður um velgengni míns flokks í skoðanakönnunum, um ástæðurnar, hef ég verið hreinskilinn með það að ég skil það ekki alveg sjálfur í ljósi þess að áþreifanlegar

aðgerðir eru kannski færri en ég átti von á að við værum komin með núna en það stendur vonandi til bóta, maður verður að sýna þolinmæði og vinna í því að ýta á eftir þessu og halda þessu á lofti og láta gera aðgerðaplön og svo framvegis, sem mér sýnist pólitík snúast að miklu leyti um, hvort sem mér líkar það betur eða verr.

Lengra held ég að það sé ekki að sinni, takk fyrir.

Forseti: Borgarfulltrúi Halldór Auðar Svansson hefur lokið máli sínu. Þá er umræðum lokið og við göngum til atkvæða. Áður en við göngum til atkvæða um fyrsta og annan lið þurfum við að ganga til atkvæða um 4.-9. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. október. Ég bið borgarfulltrúa um að fylgjast með og vera í salnum [forseti hringir bjöllu]. Við skulum fá borgarfulltrúa í salinn og svo förum við yfir það með hvaða hætti atkvæðagreiðslan fer fram. Er hægt að biðja um að borgarfulltrúinn verði sóttur? [Forseti hringir bjöllu.] Ég skal útskýra þetta að vörmu.

Þá eru allir borgarfulltrúar komnir í salinn og til þess að útskýra frekar þessa atkvæðagreiðslu, þá er það þannig að áður en við vísum fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun til seinni umræðu ber okkur að afgreiða liði 4-9 úr fundargerð borgarráðs frá 31. október venju samkvæmt. Já, fundargerð borgarráðs frá 31. október. Það er 12. dagskrárliður á þessum fundi og þar byrjum við á að vísa 4. lið fundargerðarinnar um gjaldskrár til seinni umræðu. Þau sem samþykkja það gefi merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá vísum við lið 5-9, nei, þá er lagt til að liðir 5-9 verði samþykktir, er óskað eftir að það verði greidd atkvæði sitt í hvoru lagi? [Frammícall]. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur óskað eftir að ræða fundarsköp.

Fundarsköp

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég er hérna með dagskrá fundarins eins og hún var send okkur borgarfulltrúum sennilega fyrir helgi og þar er reyndar ekki komin inn fundargerð, eða jú, ég sé hérna að það er fundargerð borgarráðs frá 31. október en ég svona talið fara betur á því að það kæmi skýrt fram í dagskránni hvaða atkvæðagreiðslur hér ættu sér stað. Ég held að það sé óþarfi að gera mikið veður út af því en ég held að það sé algjört lágmark fyrir okkur borgarfulltrúa að það komi skýrt fram í dagskrá fundarins hvaða atkvæðagreiðslur muni eiga sér stað á fundinum.

Forseti: Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að gera athugasemdir við fundarsköp og forseti tekur undir að þetta gæti verið skýrara og lofar að taka tillit til þessara athugasemda fyrir næsta ár. En okkur er gert að greiða atkvæði með þessum hætti og við tökum okkur bara þann tíma sem þarf til þess. Þá tökum við fimmta lið til afgreiðslu. Þau sem samþykkja fimmta lið fundargerðar borgarráðs frá 31. október um lántökur vegna framkvæmda 2016... Þetta er sumsé fimmti liður. Við erum í fimmta lið. Eigum við að byrja á fimmta lið? Lántökur vegna framkvæmda. Þau sem samþykkja þær gefið merki. Þau sem á móti kunna að vera. Það er samþykkt með níu atkvæðum. 6. liður, álagningarhlutfall útsvars, þau sem samþykkja það gefi merki. Þau sem á móti kunna að vera. Það er samþykkt með níu greiddum atkvæðum. Þá er það 7. liður, álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðarleigu. Þau sem samþykkja það gefi merki. Það er samþykkt með níu atkvæðum. 8. liður, gjalddagaskipting fasteignagjalda, þau sem samþykkja það gefi merki. Eigum við að gera fundarhlé? Við gerum fundarhlé örstutta stund.

[Hlé]

Forseti: Fundi er fram haldið eftir stutt hlé og við endurtökum atkvæðagreiðslu um 7. lið fundargerðar borgarráðs frá 31. október sem er um álagningarhlutfall fasteignaskatts og lóðaleigu. Þau sem samþykkja það gefi merki. Þau sem á móti kunna að vera. Hún er samþykkt með níu atkvæðum gegn fjórum. Þá förum við í 8. lið sem er gjalddagaskipting fasteignagjalda, þau sem samþykkja það gefi merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Og níundi liður að lokum er um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2016, þau sem samþykkja það gefi merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Þá höfum við gengið frá afgreiðslu á

fundargerð borgarráðs frá 31. október og vindum okkur í að vísa fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar til seinni umræðu. Þau sem samþykkja það gefi merki. Það er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Liður 1 og 2 er þar með afgreiddur, það er afgreitt saman.